

Maí 2021



Norðurljós

Skýrsla starfshóps um
efnahagstækifæri á
norðurslóðum

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið


Maí 2021

utn@utn.is

www.utn.is

Forsíðumynd: Vincent Guth

Skilgreiningar á **norðurlóðum**



..... Heimskautabaugur

— 10°C meðalhiti í júlí

■ Trjálína

— Skilgreining AHDR

— Skilgreining AMAP

Kort: Landmælingar Íslands

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Norðurslóðaríkið Ísland	8
1.1 Leiðarljós:	9
2. Ímynd Íslands, hrein náttúra og sjálfbær nýting auðlinda	10
2.1 Leiðarljós:	11
3. Alþjóðasamstarf: Norðurskautsráðið, tvíhliða samstarf við norðurslóðaríki og svæði á norðurslóðum	12
3.1 Viðskiptaumhverfi og samningar	14
3.2 Leiðarljós:	16
4. Hringborð norðurslóða	18
4.1 Leiðarljós:	19
5. Ísland sem samgöngu- og þjónustumiðstöð norðurslóða	20
5.1 Fjarskipti og leiðsaga	23
5.2 Leiðarljós:	26
6. Öryggismál: Leit og björgun	28
6.1 Leiðarljós:	29
7. Framkvæmdir, viðskipti og fjárfestingar	31
7.1 Leiðarljós:	33
8. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvælaframleiðsla	35
8.1 Leiðarljós:	36
9. Ísland sem áfangastaður ferðamanna á norðurslóðum	37
9.1 Leiðarljós:	38
10. Samstarf á sviði vísinda, menningar, nýsköpunar og menntunar	39
10.1 Leiðarljós:	40

Myndaskrá

Mynd 1: <i>Starfshópur um efnahagstækifæri á norðurslóðum ásamt Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra</i>	7
Mynd 2: <i>Skilgreiningar á norðurslóðum</i>	8
Mynd 3: <i>Gæta þarf að ímynd Íslands sem tengist norðurslóðum, hreinleika og ósnortinni náttúru (Mynd: Jene Yeo)</i>	10
Mynd 4: <i>Svæði á (og tengd) norðurslóðum</i>	13
Mynd 5: <i>Frá Hringborði norðurslóða í Hörpu 2019 (Mynd: Hringborð norðurslóða)</i>	18
Mynd 6: <i>Keflavíkurflugvöllur (Mynd: Isavia)</i>	21
Mynd 7: <i>Íslenska flugstjórnarsvæðið (Mynd: Isavia)</i>	24
Mynd 8: <i>Mikilvægt er að efla leitar- og björgunargetu á norðurslóðum (Mynd: Gollí)</i>	28
Mynd 9: <i>Íslendingar hafa mikilli þekkingu að miðla í sjávarútvegi (Mynd: Gollí)</i>	35
Mynd 10: <i>Mikil tækifæri felast í því að efla samstarf við nágrannaríki Íslands á sviði ferðamennsku (Mynd: Gollí)</i>	37
Mynd 11: <i>Norðurslóðarannsóknarsetrið á Kárhóli í Reykjadal (Mynd: Reinhard Reynisson)</i>	39

Inngangur

Aldrei fyrr hefur áhugi umheimsins á norðurslóðum verið jafn mikill og í dag. Heimsbyggðin lítur í auknum mæli til þessa stóra víðfeðma svæðis, sem lengi vel var óaðgengilegt og ef til vill fyrst og fremst frosin auðn í huga fólks. Umfjöllun um norðurslóðir eykst jafnt og þétt. Stórveldi sýna svæðinu aukinn áhuga, fyrirtæki horfa til viðskiptatækifæra og íbúa stórborga dreymir um að ferðast á norðurslóðir, upplifa hreinleika og ný ævintýri.

Ísland er norðurslóðaríki og býr við nokkra sérstöðu. Landið allt er innan þess svæðis sem skilgreint er sem norðurslóðir – höfuðborgin einnig. Aðeins Ísland og Grænland eiga höfuðborgir sem eru innan norðurslóða. Ísland býr við góða innviði, sterkt, samheldið og menntað samfélag, hér eru íslausar hafnir árið um kring og góðar tengingar við umheiminn. Ísland er því í lykilaðstöðu til að marka sér sérstöðu sem norðurslóðaríki og til að nýta ýmis tækifæri sem felast í aukinni ásókn og áhuga umheimsins á svæðinu.

Loftslagsbreytinga er þegar farið að gæta með áþreifanlegum hætti á norðurslóðum. Hlýnun loftslags og bráðnun íss hefur miklar áskoranir í för með sér fyrir heimsbyggðina alla. Við þessar breytingar skapast einnig ný heimsmynd. Nýjar samgönguleiðir á milli heimsálfa opnast og eins munu samfélög sem áður voru fjarlæg færast nær og leita tækifæra á nýjum slóðum. Við bráðnun íss og jökla opnast svæði, rík af sjaldgæfum og eftirsóttum málum. Við hlýnun sjávar leita fiskistofnar inn á kaldari hafsvæði á norðurslóðum. Miðlína hins byggilega heims færast nær Íslandi með fólksflutningum. Um leið hefur fjölmennari hópur heimsbyggðarinnar tók á að ferðast og sækja í hreinleika og náttúruundur norðursins.

Samfélög á norðurslóðum hafa sameinast um að vinna friðsamlega að skynsamlegum lausnum gagnvart þessum áskorunum. En skynsemi er afstætt hugtak þegar hún snýr að afmörkuðum hagsmunum eins ríkis eða heildarhagsmunum viðkvæms svæðis á norðurslóðum. Ísland er við hlið þessara breytinga. Eðlilega vilja öll ríki norðurslóða tryggja hagsmuni sína, bæði ein og sér og eiga samstarf. Áherslur sem snúa að efnahagslegum tækifærum eru um margt sambærilegar á milli þjóða en styrkur til framkvæmda er vissulega meiri hjá stærri þjóðum en minni. Því er mikilvægt að Ísland afmarki vel sérstöðu sína á norðurslóðum og unnið verði á þeim styrkleikum.

Það er ríkur vilji norðurslóðaríkjanna að norðurslóðir séu pólitískt lágspennusvæði. Stórveldin utan norðurslóðasvæðisins sjá hins vegar engu að síður tækifæri á svæðinu. Það skiptir Ísland gríðarlega miklu máli að halda góðum stjórnmalalegum tengslum við alla aðra þátttakendur á norðurslóðum og hafa jákvæð áhrif á þróun mála.

Óháð því hvernig tekst að halda stórveldaspennu frá norðurslóðum er ljóst að á næstunni mótast viðfangsefni samstarfsríkja af stórauðinni umferð umhverfis

Ísland. Ísland þarf að vera undirbúið til að verja hagsmuni sína, stuðla að jákvæðum samskiptum ríkja á norðurslóðum og jafnframt nýta þau efnahagslegu tækifæri sem í þessum breytingum felast.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipaði í október 2019 starfshóp til að greina heildstætt þann efnahagsuppgang sem sjáanlega verður á norðurslóðum og meta á þeim grundvelli hvernig best verði staðið að vörslu og eflingu íslenskra hagsmuna á svæðinu. Starfshópurinn fékk það verkefni að kortleggja aðkomu Íslands og gera tillögur um aðgerðir sem hægt væri að framkvæma á næstu árum. Árni Sigfússon var skipaður formaður starfshópsins, en auk hans skipaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Ísak Einar Rúnarsson og Sigþrúði Ármann í starfshópinn. Þá starfaði Nína Björk Jónsdóttir starfsmaður utanríkisráðuneytisins með starfshópnum.

Starfshópurinn átti fundi með á fjórða tug sérfræðinga frá ólíkum stofnunum, ráðuneytum, fyrirtækjum og öðrum sem tengjast norðurslóðum. Að auki heimsótti starfshópurinn Akureyri ásamt utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og þingmannanefnd sem mótaði tillögur að nýrri stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Á Akureyri voru haldnir fundir með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi, Háskólanum á Akureyri og öðrum rannsóknarstofnunum og stofnunum sem starfa að málefnum norðurslóða, fyrirtækjum á Norðurlandi, atvinnu- og byggðaþróunarfélögum auk annarra. Alls átti starfshópurinn því fundi með um 80 manns í þessari vinnu.

Þá óskaði starfshópurinn eftir upplýsingum frá öllum sendiskrifstofum Íslands á norðurslóðum og sendi bréf til tæplega 50 hagsmunaaðila á Íslandi, þar á meðal sveitarfélaga, menntastofnana, fyrirtækja, samtaka, stofnana og fleiri og óskaði eftir greinargerð með mati á helstu tækifærum fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf á norðurslóðum, sem og þeim áskorunum sem bregðast þarf við.

Af þeim fjölmörgu ábendingum og álitaefnum sem starfshópurinn fékk, og fjallað var um á fundum hópsins, er rétt að undirstrika að í þessari skýrslu er fyrst og fremst gerð grein fyrir efnahagslegum tækifærum og sértækum aðgerðum sem lagt er til að ráðist verði í svo raungera megi tækifærin. Í skýrslunni eru því dregnir fram meginþættir sem tengjast sérstöðu Íslands og hvernig unnt er að hámarka efnahagsleg tækifæri vegna hennar. Fjölmargar skýrslur hafa verið gefnar út á síðustu árum um norðurslóðir og byggði starfshópurinn starf sitt á þeirri greiningu sem þegar hefur farið fram.

Nýlega kom út skýrslan *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum* með tillögum Grænlandsnefndar sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipaði og Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, veitti forstöðu. Um er að ræða ítarlega og vel unna skýrslu á rúmlega 200 blaðsíðum þar sem fjallað er djúpt um sögu Grænlands og samskipti landanna og hvernig mætti efla samvinnu og samstarf á ólíkum sviðum. Víða í þessari skýrslu er vísað til tillagna Grænlandsnefndar og tekið undir sjónarmið sem þar koma fram.

Þá hefur áðurnefnd þingmannanefnd sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fól að gera tillögur um endurskoðun á stefnu Íslands í málefnum norðurslóða skilað tillögum. Ráðherra leggur fram á grundvelli tillagnanna þingsályktunartillögu um nýja norðurslóðastefnu. Tillögur þingmannanefndarinnar falla mjög vel að sjónarmiðum starfshópsins, m.a. um að efnahagstækifæri verði nýtt á sjálfbæran hátt.

Í skýrslu starfshópsins er að finna tíu leiðarljós um það hvernig Ísland geti staðið vörð um hagsmuni sína á norðurslóðum, gert sig gildandi á jákvæðan hátt til framtíðar á svæðinu og gefið Íslendingum möguleika á að nýta efnahagsleg tækifæri sem í þeim felast. Sumar ábendingarnar sem koma fram í þessari skýrslu eru á sviðum annarra ráðuneyta en utanríkisráðuneytisins, en öll miða þau að því að gera Íslandi sem best kleift að keppa í samkeppni þjóðanna um efnahagstækifæri á norðurslóðum, nágrannasvæði Íslands.

Starfshópurinn hefur notið einstakrar aðstoðar Nínu Bjarkar Jónsdóttur, forstöðumanns viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og starfsmanna utanríkisráðuneytisins, við úrvinnslu gagna og framsetningu þessarar skýrslu. Við færum Nínu Björk og starfsmönnum kærar þakkir fyrir samstarfið.

F.h. starfshópsins


Árni Sigfússon, formaður



Mynd 1: Starfshópur um efnahagstækifæri á norðurslóðum (f.v. Sigprúður Ármann, Ísak Einar Rúnarsson og Árni Sigfússon, formaður) ásamt Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

1. Norðurslóðaríkið Ísland

Ísland hefur víðtækra hagsmuna að gæta sem norðurslóðaríki í síbreytilegum heimi. Öldum saman hafa norðurslóðir heillað og vakið forvitni fólks, en aldrei fyrr hefur áhugi á svæðinu verið jafn mikill og nú. Íslensk stjórnvöld þurfa að gæta að því að ætíð sé litið á Ísland sem norðurslóðaríki, en engar formlegar lagalegar skilgreiningar eru til á því hvaða landsvæði telst til norðurslóða. Því hafa margar ólíkar skilgreiningar verið notaðar, sem hafa orðið til út frá einstökum viðfangsefnum, eins og t.d. vöktun og vísindavinnu. Á korti má sjá ólíkar skilgreiningar sem notað hafa verið og því er óumdeilt að Ísland er norðurslóðaríki.



Mynd 2: Skilgreiningar á norðurslóðum.

Mikið og gott starf er unnið víða á Íslandi um málefni sem tengjast norðurslóðum. Akureyri gegnir þýðingarmiklu hlutverki, en þar starfa m.a. Rannsóknáæfing Norðursins, og samstarfsvettvangur Háskólans á Akureyri. Auk þess eru fjölmargar norðurslóðastofnanir á Akureyri, þar á meðal fastir vinnuhópar Norðurskautsráðsins. Vægi þessa starfs hefur vaxið undanfarin ár og allt útlit fyrir að sú þróun haldi áfram. Þá er einnig unnið merkilegt

vísindastarf í öðrum háskólum, einkum Háskóla Íslands sem starfrækir Rannsóknarsetur um norðurslóðir, og ýmsum rannsóknarstofnunum víða um land, þ.m.t á Raufarhöfn og á Kárhóli. Hringborð norðurslóða, stærsta alþjóðlega ráðstefnan um málefni norðurslóða, skapar einstakt tækifæri fyrir Ísland til að gera sig gildandi í þessum málaflokki eins og fjallað er um í sérkafla.

Í þessari skýrslu eru settar fram ýmsar tillögur sem byggja á stöðu Íslands sem norðurslóðaríkis, þeirri framtíðarsýn að Ísland verði alþjóðleg miðstöð fyrir málefni norðurslóða og að fólk sem hafi erindi á norðurslóðir eigi leið um landið. Íslensk stjórnvöld þurfa að tryggja nauðsynlega innviði, stofnana- og samningaumgjörð og eiga samstarf við önnur ríki svo þessi framtíðarsýn verði að veruleika.

Ísland á í alþjóðlegri samkeppni um efnahagstækifæri á norðurslóðum og því er mikilvægt að landið allt starfi saman að því að hámarka möguleikana og grípi í sameiningu tækifærin sem bjóðast, landsmönnum öllum til hagsbóta.

Mikilvægt er að staðinn verði vörður um samkeppnisstöðu Íslands á norðurslóðum. Telur starfshópurinn mikilvægt að fjárveitingar til norðurslóðamála verði skoðaðar heildstætt, til að tryggja að stjórnsýslan geti sinnt norðurslóðaverkefnum af krafti, bæði almennu norðurslóðastarfi á Íslandi og alþjóðasamstarfi, bæði tvíhliða með öðrum norðurslóðaríkjum og alþjóðastofnunum. Einnig þarf að tryggja að alþingismenn geti sótt viðburði og tekið þátt í norðurslóðasamstarfi, sem og vísindamenn og fleiri. Þá þarf að skoða hvernig mætti skapa Hringborði norðurslóða traustan fjárhagsramma til framtíðar.

1.1 Leiðarljós:

1. Íslensk stjórnsýsla gæti þess að vísa ætíð til Íslands og íslensks hafsvæðis sem innan norðurslóða. Ísland er á norðurslóðum.
2. Komið verði á fót starfshópi sem yrði falið að skoða fjárveitingar til norðurslóðamála heildstætt. Lagt er til að hópurinn starfi undir forystu ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytis, þar sem ættu sæti ráðuneytisstjórar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, skrifstofustjóri Alþingis, formaður Hringborðs norðurslóða og fulltrúi vísindasamfélagsins.
3. Settur verði upp, undir forystu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, árlegur samráðsvettvangur íslenskra aðila sem koma að málefnum norðurslóða til að samhæfa aðgerðir og upplýsa um mál efst á baugi hverju sinni. Þar taki þátt ráðherrar, þingmenn, sveitarstjórnarmenn og embættismenn, fulltrúar Íslandsstofu, Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands, auk fulltrúa millilandaráða sem vinna með ríkjum á norðurslóðum.

2. Ímynd Íslands, hrein náttúra og sjálfbær nýting auðlinda

Í huga fólks um heim allan eru norðurslóðir tengdar við hreinleika, ósnortna náttúru og hvítar ísbreiður svo langt sem augað eygir. Þessi jákvæða ímynd svæðisins felur í sér tækifæri og langtímaviðskiptahagsmuni sem ber að varðveita. Norðurslóðir eru það landsvæði, ásamt suðurskautssvæðinu, sem maðurinn hefur hvað síst sett mark sitt á.

Íslensk stjórnvöld þurfa að gæta að ímynd Íslands sem tengist norðurslóðum, hreinleika og ósnortinni náttúru. Þessa þætti þarf að undirstrika með áframhaldandi áherslu á notkun endurnýjanlegra orkugjafa og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Ferðamenn, sem sækja Ísland heim, koma ekki síst vegna þessarar ímyndar og eins njóta íslenskar framleiðsluafurðir, bæði sjávarfang, landbúnaðarafurðir, snyrtivörur, fæðubótarefni og annað með beinum hætti þessarar jákvæðu tengingar við sjálfbærni, heilnæmi og hreinleika.

Ákvarðanir um málefni norðurslóða, hagsmuni Íslands og atvinnumál á norðurslóðum þurfa að byggja á skilningi og þekkingu á vistkerfi norðurslóða og þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa á næstu árum og áratugum. Mikilvægt er því að tryggja vöktun og rannsóknir á svæðinu og náttúru þess.

Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu af því að beisla endurnýjanlega orkugjafa, nýta jarðvarma og vatnsafl til að tryggja orkusjálfstæði þjóðarinnar, öryggi og líf skjör. Ísland getur lagt lóð á vogarskálarnar til að stuðla að því að orkuþörf á norðurslóðum verði mætt með endurnýjanlegri orku. Einkum er eðlilegt í því samhengi að litið verði til næstu nágretta Íslands, byggðanna á austurströnd Grænlands.

Til þess að koma íslenskri þekkingu á framfæri mætti nýta GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, en í tengslum við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu hafa tveir nemendur úr röðum frumbyggja á norðurslóðum verið styrktir til náms. Þar er um að ræða nám í Jafnréttisskólanum, en vel má sjá fyrir sér að frumbyggjar á norðurslóðum gætu sótt nám í jarðhitaskólanum og öðrum skólum á vegum GRÓ. Jarðhitaskólinn hefur einnig tekið þátt í verkefni á vegum ráðsins um sjálfbærar orkulausnir á norðurslóðum (ARENA).



Mynd 3: Gæta þarf að ímynd Íslands sem tengist norðurslóðum, hreinleika og ósnortinni náttúru (Mynd: Jene Yeo).

2.1 Leiðarljós:

4. Íslensk stjórnvöld gæti að ímynd Íslands sem tengist norðurslóðum, hreinleika og ósnortinni náttúru. Sjálfbærni skal vera í fyrirrúmi í öllum aðgerðum á norðurslóðum. Leggja skal áherslu á notkun endurnýjanlegra orkugjafa og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Mikilvægt er að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun séu leiðarstef í öllu starfi Íslands á norðurslóðum.
5. Efla ætti samstarf við GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, á sviði norðurslóðamála. Þótt aðstoð við frumbyggja teljist ekki formlega til þróunarsamvinnu felst augljós samlegð í að nýta íslenska sérþekkingu innan GRÓ-skólanna á sviði jarðhita, sjávarútvegs, landgræðslu og jafnréttismála í þágu frumbyggjasamfélaga, sé þess óskað. Frekari kostun frumbyggja til náms þar væri verðugt og viðeigandi framlag Íslands til eflingar sjálfbærni frumbyggjasamfélaga á norðurslóðum.

3. Alþjóðasamstarf: Norðurskautsráðið, tvíhliða samstarf við norðurslóðaríki og svæði á norðurslóðum

Áhugi heimsbyggðarinnar og ekki síst stórveldanna á norðurslóðum hefur stóruaukist síðustu ár. Það endurspeglast m.a. í auknum áhuga á starfi Norðurskautsráðsins og áheyrnaraðild að ráðinu.


Íslensk stjórnvöld þurfa áfram að styðja við Norðurskautsráðið sem mikilvægasta samráðsvettvanginn um málefni norðurslóða og vinna að því að alþjóðlegar ákvarðanir um málefni norðurslóða séu teknar þar. Ísland þarf að vera virkur þátttakandi í öllu norðurslóðasamstarfi og standa vörð um hagsmuni Íslands og Íslendinga á svæðinu um ókomna tíð. Mikilvægt er að starfi Norðurskautsráðsins verði áfram sinnt af krafti eftir að formennsku Íslands í ráðinu lýkur í maí 2021. Gera þarf sérfræðingum kleift að taka þátt í starfi ráðsins, þannig að þeir hafi bæði tíma og fjármuni til að sinna þeim verkefnum.

Ísland hefur sendiráð í öllum aðildarríkjum Norðurskautsráðsins og aðalræðisskrifstofu í bæði Færeyjum og Grænlandi. Einnig reka öll þessi lönd sendiráð eða sendiskrifstofu á Íslandi. Hringborð norðurslóða, stærsta alþjóðlega ráðstefnan um málefni norðurslóða, sem nánar er fjallað um síðar, er einnig mikilvægt hvað varðar hlutverk og stöðu Íslands í alþjóðasamstarfi um norðurslóðir.

Mikilvægt er að rækta tvíhliða samband við öll lönd á norðurslóðum og gera samninga til að tryggja besta mögulega viðskiptaumhverfi fyrir íslensk fyrirtæki. Bætt viðskiptakjör eru forgangsmál þegar kemur að því að skapa íslenskum fyrirtækjum aukin efnahagsleg tækifæri á norðurslóðum.

Miðstöð stjórnsýslu annarra norðurslóðaríkja liggur almennt utan þess svæðis sem skilgreint er sem norðurslóðir. Starfshópurinn telur því rétt að utanríkisþjónustan leggi sérstaka áherslu á að rækta tvíhliða samstarf við svæðisbundin stjórnvöld á norðurslóðum og kortleggi viðskiptatækifæri í hverju landi. Sérstaklega skal bent á Alaska og Maine í Bandaríkjunum. Alaskafylki er að sjálfsögðu á norðurslóðum og hefur Maine, nyrsta fylki á austurströnd Bandaríkjanna, markaðssett sig sem hlið Bandaríkjanna að norðurslóðum, ekki síst í kjölfar þess að Eimskipafélagið gerði Portland að lykilhöfn félagsins fyrir N-Ameríkumarkaðinn. Í Kanada er um að ræða sjálfstjórnarsvæðin Norðvestursvæðin (e. Northwest Territories), Nunavut og Yukon, auk nyrstu svæða nokkurra fylkja Kanada, m.a. Nýfundnlands og Labradors. Einnig er um að ræða Grænland í heild sinni sem og Færeyjar, Nordland, Troms og Finnmörku í N-Noregi, Norrbotten og Västerbotten í N-Svíþjóð, Lappland, Pohjois-

Pohjanmaa/Norra Österbotten og Kainuu í N-Finlandi, sem og Múrmansk-hérað, Chukotka, Yamalo Nenets, Arkhangelsk, Sakha, Krasnoyarsk, Nenets og Komi í norðanverðu Rússlandi. Má í þessu samhengi nefna að í kjölfar þess að sendiráð Íslands í Moskvu lagði sérstaka rækt við sum þessara svæða, sköpuðust viðskiptatækifæri fyrir ýmis íslensk fyrirtæki í sjávarútvegstækni. Athygli vekur að í nýrri norðurslóðastefnu Rússlands, fyrir tímabilið 2020-2035, er vísað til uppbyggingar sjávarútvegsmiðstöðva á nokkrum stöðum á norðurslóðahéruðum Rússlands og áhersla lögð m.a. á endurnýjun fiskiskipaflota og tækniuppbyggingu, sem gæti skapað tækifæri fyrir Ísland.



- **Bandaríkin** (Alaska og Maine)
- **Finland** (Lapland, Pohjois-Pohjanmaa/Norra Österbotten og Kainuu)
- **Færeyjar**
- **Grænland**
- **Kanada** (Yukon, Norðvestursvæðin, Nunavut og Nýfundnaland og Labrador)
- **Noregur** (Nordland, Troms og Finnmark)
- **Rússland** (Murmansk, Chukotka, Yamalo Nenets, Arkhangelsk, Sakha, Krasnoyarsk, Nenets og Komi)
- **Svíþjóð** (Norrbotten og Västerbotten)

Mynd 4: Svæði á (og tengd) norðurslóðum.

Efnahagsráð norðurslóða (e. Arctic Economic Council) var stofnað árið 2014, en í því eiga fulltrúar atvinnulífsins sæti. Ráðinu er ætlað að liðka fyrir viðskiptum á norðurslóðum og stuðla að ábyrgri efnahagslegri uppbyggingu. Íslensk stjórnvöld hafa beitt sér fyrir auknu samstarfi Norðurskautsráðsins og Efnahagsráðs norðurslóða og var fyrsti sameiginlegi fundur ráðanna tveggja

haldinn í Reykjavík í október 2019. Ísland fer með formennsku í Efnahagsráðinu á sama tímabili og í Norðurskautsráðinu, þ.e. árin 2019-2021.

3.1 Viðskiptaumhverfi og samningar

Viðskiptaumhverfi Íslenskra fyrirtækja á norðurlóðum er nokkuð gott. Viðskiptakjörin eru hagkvæmust í Færeyjum, í gegnum Hoyvíkur-samninginn, en með samningnum er í raun komið á sameiginlegu efnahagssvæði milli landanna og kveðið á um gagnkvæma fríverslun með allar vörur, þ.m.t. landbúnaðarvörur. Hvað varðar Norðurlöndin, norðurlóðaríkin Noreg, Svíþjóð og Finnland, og einnig Danmörku, veitir EES-samningurinn Íslenskum fyrirtækjum greiðan aðgang að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Samningurinn tryggir fulla fríverslun með iðnaðarvörur og umfangsmikil tollfríðindi fyrir sjávarafurðir sem og tollfríðindi fyrir landbúnaðarvörur inn til ríkja ESB (Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands). Íslenskar iðnaðarvörur og sjávarafurðir njóta tollfrelsis við innflutning til Noregs en landbúnaðarvörur njóta takmarkaðra tollfríðinda við innflutning þangað á grundvelli EFTA-sáttmálans. Fríverslunarsamningur EFTA ríkjanna og Kanada er reyndar kominn nokkuð til ára sinna en hann er af svokallaðri fyrstu kynslóð og tekur þannig einkum til vöruviðskipta. Stendur vilji bæði Íslands og Kanada til að bæta viðskiptakjör milli ríkjanna og auka gildissvið samningsins svo hann taki einnig til þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa. Uppfærsla samningsins er forgangsmál. EFTA átti í fríverslunarviðræðum við Tollabandalag Evrasíuríkja (Armeníu, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Kirgistan og Rússland) sem hafa verið á ís frá innlimun Rússlands á Krímskaga. Mikilvægt er að þær viðræður verði aftur teknar upp þegar forsendur skapast til þess.

Í gildi er samningur milli Íslands og Danmerkur um viðskipti Íslands og Grænlands frá 1. febrúar 1985. Samningurinn var gerður við úrgöngu Grænlands úr tollabandalagi Evrópubandalagsins. Samningurinn kveður á um að Ísland veiti Grænlandi einhliða sömu kjör og veitt eru í samningi Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Sá samningur er frá 1972 og tekur fyrst og fremst til iðnaðarvara í köflum 25-97 í tollskrá. Tollar af iðnaðarvörum í þeim köflum voru allir felldir niður einhliða af Íslandi í byrjun árs 2017, gagnvart öllum innflutningi. Þrátt fyrir að samningurinn frá 1972 taki að takmörkuðu leyti til landbúnaðarvara veitir hann í raun enga fríðindameðferð fyrir grænlenstar landbúnaðarvörur. Þær tollalækkanir sem kveðið er á um í samningnum kveða á um hærri toll en sem nemur almenna tollinum sem lagður er á þessar vörur í dag.

Vörur sem eru upprunnar á Íslandi njóta því engrar fríðindameðferðar við innflutning til Grænlands. Almennt er frekar lágur tollur lagður á við innflutning til Grænlands. Tollur er lagður á afmarkaða vöruflokka við innflutning til Grænlands, s.s. ýmsar drykkjarvörur (þó ekki mjólkurafurðir), súkkulaði og sætindi, og ýmsar kjötafurðir. Þá eru í gildi reglur varðandi innflutning tiltekinna vara, t.a.m. krafa um að drykkjarvörur séu átappaðar í Grænlandi. Í skýrslu Grænlandsnefndar kemur fram að Grænlandingar myndu í samningaviðræðum

við Ísland líklega leggja mesta áherslu á að bæta aðgengi að íslenskum markaði fyrir unnið hreindýrakjöt. Grænlandingar hafa til þessa ekki verið tilbúnir að hefja viðræður um gerð fríverslunarsamnings milli landanna.

Áhugaverð tækifæri væru fólgin í því fyrir bæði löndin að gera nútíma fríverslunarsamning um viðskipti, auk þess sem hann myndi undirstrika áhuga á auknu samstarfi ríkjanna.

Ein af helstu tillögum Grænlandsnefndar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um aukna samvinnu landanna er sú að ráðherra beiti sér fyrir gerð tvíhliða viðskiptasamnings milli Grænlands og Íslands. Nýr samningur er ekki síst mikilvægur í ljósi vikulegra siglinga milli Nuuk og Reykjavíkur, sem gæti auðveldað útflutning á íslenskum afurðum til Grænlands.

Tvísköttunarsamningur er í gildi milli Íslands og Grænlands, en hann tók gildi í desember 2003.

Grænland er ekki aðili að norræna vinnusvæðissamningnum. Því gildir ýmislegt af norrænu samstarfssamningunum ekki í Grænlandi. Mætti bæta ýmsa hnökra varðandi umsvif og athafnir aðila úr viðskiptalífínu á milli Íslands og Grænlands með samningagerð. Þá er erfitt fyrir Íslendinga að fá atvinnuleyfi í Grænlandi, einkum í sjávarútvegi. Einnig getur verið flókið að fá erlenda starfsmenn á vegum íslenskra fyrirtækja til starfa í Grænlandi, t.d. við byggingarvinnu.

Bandaríkin eru gríðarlega mikilvægt viðskiptaland fyrir Ísland. Þegar þjónustuviðskipti eru talin með eru Bandaríkin stærsta einstaka útflutningsríki Íslands, eins og bent er á í skýrslunni *Áfram gakk! Utanríkisviðskiptastefna Íslands*. Íslensk stjórnvöld hafa síðustu ár unnið að því að auka viðskiptafrelsi milli Íslands og Bandaríkjanna, helst í formi fríverslunarsamnings. Mikilvægur áfangi náðist við að styrkja samstarf ríkjanna á sviði viðskiptamála árið 2019 þegar ákveðið var að setja árlegt efnahagssamráð á fót, með það að augnamiði að auka frekar tvíhliða viðskipti og fjárfestingar milli landanna. Framlagning frumvarps sem miðar að því að auðvelda íslensku viðskiptafólki og fjárfestum að fara til Bandaríkjanna er jafnframt mikilvægur áfangi.

Tollar til Bandaríkjanna eru almennt lágir og eru nánast allar íslenskar sjávarafurðir tollfrjálssar inn til Bandaríkjanna, sem og stór hluti iðnaðarvara. Helstu útflutningsvörur Íslands sem greiða þarf toll af í Bandaríkjunum og nefndar eru í skýrslunni *Áfram gakk!* eru kísiljárn, álþynnur, ýmsar vörur úr plasti og skyr. Starfshópurinn leggur áherslu á að áfram verði unnið að því að bæta viðskiptakjör við Bandaríkin og vinna að gerð fríverslunarsamnings.

Mikilvægt er að tryggja að Ísland búi við bestu mögulegu kjör um loftferðarsamninga á norðurslóðum. Gerð loftferðarsamninga er á forræði utanríkisráðuneytisins. Samkvæmt loftferðarsamningi Íslands við Rússland er heimild til þess að halda uppi beinu áætlunarflugi til tiltekinna áætlunarstaða í Rússlandi. Íslensk stjórnvöld hafa átt viðræður við yfirvöld í Rússlandi vegna

yfirflugs, sem er mikilvægt vegna flugleiðarinnar til Asíu. Brýnt er að þeim viðræðum verði haldið áfram.

Ísland hefur eitt ríkja loftferðasamning við Grænland, en hann er orðinn 70 ára og því kominn vel til ára sinna. Árið 2011 var nokkrum áfangastöðum bætt við samninginn. Bæði löndin hafa túlkað samninginn frá 1950 nokkuð vítt, en ljóst er að samningurinn veitir ekki þann sveigjanleika og rekstraröryggi sem flugrekendur þyrftu á að halda til að gera þeim kleift að bæta og efla flugþjónustu. Það er því orðið tímabært að gera nýjan og nútímalegri samning þar sem hindrunum væri haldið í lágmarki. Það er ekki síst mikilvægt í ljósi uppbyggingar nýrra flugvalla í Nuuk, Ilulissat og Qaqortoq í Grænlandi sem skapar ný tækifæri fyrir Grænlandinga til að tengjast betur áfangastöðum í Evrópu og Norður-Ameríku. Við þessa uppbyggingu skapast tækifæri, bæði í farþegaflugi og til að efla vöruflutninga og þannig auka möguleika fyrir Grænlandinga í ferðamennsku og til að koma ferskvöru á markað.

Þá leggur starfshópurinn áherslu á mikilvægi góðra loftferðasamninga við Asíuríki. Skapist möguleikar á flugi yfir Norðurljólinn í framtíðinni, gætu vegalengdir frá Íslandi til Asíulanda styst verulega. Þá hafa ferðamenn frá Asíu mikinn áhuga á að ferðast á norðurslóðum og góðar samgöngur við Asíu er liður í því að gera Ísland að þjónustumiðstöð fyrir norðurslóðir.

3.2 Leiðarljós:

6. Norðurslóðamálefni verði áfram og ætíð ein af höfuðáherslum í starfi utanríkisþjónustunnar. Starfi Norðurskautsráðsins verði áfram sinnt af krafti eftir að formennsku Íslands í ráðinu lýkur í maí 2021. Sérfræðingum verði gert kleift að taka þátt í starfi ráðsins, og fjármunir verði tryggðir fyrir verkefni á vegum Norðurskautsráðsins.
7. Sendiráðum og sendiskrifstofum í norðurslóðalöndum verði falið að leggja sérstaka áherslu á að efla samskipti við nyrstu svæði umdæmislandanna. Þeim verði falið að skoða hvar helstu samstarfstækifæri liggja og kortleggja hvernig best verði unnið að þeim.
8. Sem liður í því að rækta sérstaklega samband við svæði á norðurslóðum fari utanríkisþjónustan yfir hvort skipaðir hafi verið ræðismenn á þeim svæðum sem um ræðir og bæti úr, reynist svo ekki vera.
9. Ísland hafi frumkvæði að því að efla samstarf milli svæðisbundinna stjórnvalda á norðurslóðum og stofnana sem hafa það hlutverk að laða að fjárfestingar og skapa tækifæri fyrir atvinnu- og viðskiptalíf á svæðin, svo sem systurstofnana Íslandsstofu og annarra viðskiptastofa. Leitað verði tækifæra til að efla tengingar á milli svæða.
10. Lagt er til að stjórnvöld skoði hvernig megi styrkja samstarf við Efnahagsráð norðurslóða og gera atvinnulífinu betur kleift að taka þátt í því samstarfi, svo ráðið nýtist sem best til að efla viðskiptasamstarf á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri efnahagsþróun á svæðinu.

Loftferðasamningar

11. Íslensk stjórnvöld vinni að því að gera nýjan loftferðasamning milli Íslands og Grænlands.
12. Unnið verði að því að uppfæra loftferðasamning Íslands og Kína.
13. Áfram verði hugað að gerð loftferðasamnings við Japan.
14. Viðræðum verði haldið áfram um yfirflugsheimild yfir Rússland.

Fríverslunarsamningar og aðrir viðskiptasamningar

15. Leitað verði leiða til að gera fríverslunarsamning milli Íslands og Grænlands.
16. Líkað verði fyrir því að Íslendingar geti fengið atvinnuleyfi í Grænlandi, einkum til að starfa í sjávarútvegi eða við stórframkvæmdir en mikil uppbygging er framundan á Grænlandi. Æskilegt væri einnig að leita leiða til að auðvelda erlendum starfsmönnum á vegum íslenskra fyrirtækja að fá atvinnuleyfi.
17. Áfram verði unnið að því að styrkja samband Íslands og Bandaríkjanna á sviði viðskipta- og efnahagsmála, með það markmið að gera viðskiptasamning við Bandaríkin.
18. Áfram verði leitað leiða til að uppfæra fríverslunarsamning EFTA við Kanada og bæta viðskiptakjör Íslands og Kanada.
19. Fríverslunarviðræður við Tollabandalag Evrasíuríkja, sem Rússland á m.a. aðild að, verði hafnar um leið og forsendur gera það mögulegt.

4. Hringborð norðurslóða

Á Íslandi hefur verið stigið gríðarlega mikilvægt og stórt skref í forystu á norðurslóðum með Hringborði norðurslóða, Arctic Circle. Hringborðið hefur nú fest sig rækilega í sessi sem stærsta alþjóðlega ráðstefnan um málefni norðurslóða. Ráðstefnan hefur verið haldin árlega frá árinu 2013 að frumkvæði Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseta Íslands. Árið 2019 sóttu um 2.200 manns frá tæplega 70 löndum þingið. Þá hafa sérþing verið haldin víða um heim, þ.á.m. í Singapore, Grænlandi, Færeyjum, Kína, Skotlandi, Kóreu og Bandaríkjunum. Nauðsynlegt var að fresta Hringborðinu árið 2020 vegna COVID-19 heimsfaraldursins, en viðburðir fóru þess í stað fram á netinu.

Sérstaða Hringborðs norðurslóða felst í því að þar geta leiðtogar átt samtál við fólk úr ýmsum áttum, úr vísindum, viðskiptum, fræðasamfélögum, stjórnsýslu, auk fulltrúa frumbyggja, umhverfisverndarsinna og svo mætti áfram telja. Fólk með ólíkan bakgrunn og áhuga sækir Hringborð norðurslóða heim. Mikilvægt samtál á sér þar stað, sem gerist ekki á öðrum vettvangi. Hringborði norðurslóða hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu ár og þýðingarmikið er að tryggja að ráðstefnan verði haldin á Íslandi um ókomin ár þannig að þessi mikilvægi vettvangur, sem setur Ísland rækilega á kortið þegar kemur að norðurslóðamálum, sé kominn til að vera.

Tækifæri Íslands sem gestgjafa ráðstefnunnar eru margvísleg. Í fyrsta lagi sækir Ísland heim fjöldinn allur af þjóðarleiðtogum, ráðherrum, þingmönnum, héraðsstjórum, leiðtogum frumbyggja, stjórnendum opinberra stofnana, háskóla og alþjóðastofnana, ásamt fulltrúum samtaka og öðru háttsettu fólki sem er leiðandi í stefnumótun fyrir svæðið. Það felast mikil verðmæti í því að fá svo öflugan hóp til landsins og vekja athygli þeirra á Íslandi sem norðurslóðaríki. Það lyftir Íslandi upp á alþjóðvettvangi og gefur mikla vigt í þessum mikilvæga málaflakki. Þá er það einnig sérstaklega mikilvægt fyrir íslenskt vísinda- og háskólasamfélag að svo stór ráðstefna um málefni sem tengjast ólíkum fræðasviðum sé haldin á Íslandi.

Starfshópurinn telur mikilvægt að íslensk stjórnvöld athugi sérstaklega í nánú samstarfi við Ólaf Ragnar Grímsson og skrifstofu Hringborðs norðurslóða hvernig starfsemi Arctic Circle verði best tryggð til framtíðar á Íslandi og hvernig íslensk stjórnvöld geti tryggt varanlegan stuðning við verkefnið.



Mynd 5: Frá Hringborði norðurslóða í Hörpu 2019 (Mynd: Hringborð norðurslóða).

Grænlandsnefnd utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra lagði til að ríkisstjórnin skipi starfshóp sem undirbúi Norðurslóðasetur í Reykjavík sem verði framtíðarheimili Hringborðs norðurslóða. Aðstaða verði þar einnig fyrir erlenda gistivísindamenn og doktorsnema og safn um Norðurslóðir.

Undirbúningur hefur þegar hafist að byggingu norðurslóðarstofnunar Ólafs Ragnars Grímssonar og það er vel. Mikilvægt er í því samhengi að einnig verði hugað að því hvernig megi skapa Hringborði norðurslóða traustan fjárhagsramma til framtíðar og hvaða fyrirkomulag um stuðning ríkisins við stjórnun og rekstur myndi henta best.

4.1 Leiðarljós:

Hringborð norðurslóða

20. Starfshópur, sem lagt var til í 1. kafla að yrði komið á fót undir forystu ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins, með þáttöku ýmissa aðila þ.á.m. formanni Hringborðs norðurslóða, skoði hvernig mætti skapa Hringborði norðurslóða traustan fjárhagsramma til framtíðar á Íslandi og hvaða fyrirkomulag um stuðning ríkisins við stjórnun og rekstur myndi henta best.
21. Íslensk stjórnvöld noti Hringborð norðurslóða með markvissum hætti til að setja norðurslóðamálefni á oddinn. Þangað koma fulltrúar fjölmargra fyrirtækja og þurfa stjórnvöld og atvinnulíf að vinna saman til að geta stuðlað að því að hámarka tækifærin sem felast í því að þessi stóri viðburður sé haldinn á Íslandi ár hvert. Einnig verði þessi stærsta alþjóðlega ráðstefna notuð til að kynna fjárfestingartækifæri á Íslandi, og íslenska nýsköpun og útflutningsvörur sem henta fyrir norðurslóðir.
22. Stjórnvöld skoði hvernig þau gætu hjálpað minni aðilum að taka þátt á Hringborði norðurslóða. Mætti t.d. veita sérstaka styrki til að sækja Hringborð norðurslóða.

5. Ísland sem samgöngu- og þjónustumiðstöð norðurslóða

Starfshópurinn leggur til að stjórnvöld stuðli að því að Ísland verði samgöngu- og þjónustumiðstöð fyrir norðurslóðir. Ísland er vel staðsett á jarðarkringlunni til þess. Á Íslandi eru góðir innviðir, íslausar hafnir allt árið, gott samgöngukerfi og góðar flug- og skipasamgöngur. Þá er nægt undirlendi á Íslandi sem gerir ýmsa uppbyggingu mögulega og græn orka býðst á samkeppnishæfu verði. Á Íslandi er gott og öflugt heilbrigðiskerfi, hátt menntunarstig, fjölbreytt og sveigjanlegt samfélag og gott aðgengi að afþreyingu og þjónustu. Þá hafa öll löndin á norðurslóðum sendiráð eða sendiskrifstofu á Íslandi.

Til að stuðla að því að Ísland geti tekið að sér slíkt hlutverk kallar starfshópurinn eftir heildstæðri framtíðarsýn við uppbyggingu öruggra innviða. Íslensk stjórnvöld geri heildstæða áætlun til framtíðar þar sem hugað er að hlutverki Íslands á norðurslóðum. Innviðir sem þegar eru til staðar verði eflir og styrktir eins og kostur er. Flugsamgöngur, siglingar og vegasamgöngur þurfa að vera vel tengdar til að tryggja sem mest samlegðaráhrif og sem minnst áhrif á umhverfið. Einnig þarf að huga að því að efla ólíka fjarskiptamáta og orkuöryggi.

Mikilvægt er að vinna áfram að uppbyggingu og stækkun Keflavíkurflugvallar og styrkja og efla innviði á nærsvæði flugvallarins. Öflugur flugvöllur með góðar tengingar við hafnir og meginæðar vegakerfisins styrkir innlenda atvinnustarfsemi og skapar möguleika til að draga erlendar fjárfestingar og starfsemi til landsins. Mikilvægt verkefni er „Flugborgin,“ samstarfsverkefni ISAVIA og Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, undir stjórn fjármálaráðuneytisins, sem á að tengja flugvöllinn og alla þjónustu sem tengist flugi beint við höfuðborgina, en með því mun tekjustraumurum í tengslum við alþjóðaflug fjölga.

Tryggja þarf að öll umgjörð sé til staðar svo flugfélög geti fjölgað beinum tengingum við áfangastaði á norðurslóðum frá Keflavíkurflugvelli. Auðvelda þarf þeim sem koma til Íslands vegna norðurslóðaverkefna að sækja landsbyggðina beint heim sem og íbúum landsbyggðarinnar að fljúga til útlanda. Einnig skapar möguleiki á innanlandsflugi á sama stað og alþjóðaflug mikil samlegðaráhrif fyrir flutninga. Brýnt er að efla flugvöllinn á Akureyri, vegna mikilvægi starfsemi þar sem tengist norðurslóðastarfi. Einnig er Akureyrarflugvöllur veigamikill varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll, sem og fyrir sjúkraflug og þjónustu við Grænland. Einnig er fyrirsjáanlegt að aukin þörf verði fyrir þryllupalla víðs vegar um landið.

Ísland hefur þegar sannað að staðsetning þess hentar vel til að vera miðstöð í flugsamgöngum milli Evrópu og Norður-Ameríku. Leiðakerfi Icelandair, þar sem

áfangastaðir á meginlandi Evrópu og áfangastaðir í N-Ameríku eru tengdir með viðkomu á Íslandi, hefur gefið góða raun við að tryggja góðar flugsamgöngur til og frá Íslandi. Síðustu ár hefur áhugi erlendra flugfélaga á því að fljúga til Íslands aukist verulega.

Vegna þessara góðu tenginga bæði vestur um haf og til austurs, er Ísland í góðri aðstöðu til að verða miðstöð fyrir flug á norðurslóðum. Fyrir COVID-19 heimsfaraldurinn var daglega flogið til meira en 80 áfangastaða frá Keflavíkurflugvelli og mikilvægt er að í kjölfar faraldursins verði unnið að því að koma flugsamgöngum sem fyrst aftur í fyrra horf. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggi á hverjum tíma alla umgjörð svo flugfélög geti unnið að því að fjölga flugleiðum til áfangastaða á norðurslóðum og tengt þá inn á leiðakerfið frá Íslandi. Þannig verði stuðlað að því að þeir sem eigi erindi á norðurslóðir, hvort sem er frá N-Ameríku eða Evrópu eigi viðkomu á Íslandi á ferð sinni á áfangastað. Sömuleiðis má í framtíðinni sjá fyrir sér að flug yfir Norðurljólinn verði mögulegt, sem stýttir flugleiðina til N-Asíu og vesturstrandar Bandaríkjanna verulega.

Í skýrslu Grænlandsnefndar kemur fram að fyrir COVID-19 heimsfaraldurinn hafi um þriðjungur allra flugfarþega til Grænlands komið í gegnum Ísland. Fyrstu heimildir um flug milli landanna eru frá sjötta áratug síðustu aldar og áætlunarflug milli Íslands og Grænlands hófst á áttunda áratugnum. Þrjú flugfélög hafa haldið uppi áætlunarflugi milli landanna síðustu ár. Air Iceland Connect, sem sameinaðist Icelandair í byrjun árs 2020 og flýgur nú undir sama nafni, hefur flogið frá Reykjavík til fjögurra staða á Grænlandi, Nuuk, Kulusuk, Ilulissat og Narsarsuaq. Áætlun fyrir sumarið 2021 gerir ráð fyrir að áfram verði flogið til þessara áfangastaða, þótt það sé tímabundið háð aðgerðum vegna COVID-19. Air Greenland hefur flogið milli Keflavíkurflugvallar og áfangastaða á Grænlandi, einkum Ilulissat og Syðri-Straumfjarðar (Kangerlussuaq).



Mynd 6: Keflavíkurflugvöllur (Mynd: Isavia).

Þá hefur Norlandair verið með áætlunarflug milli Akureyrar og Nerlerit Inaat flugvallar við Scoresbysund til að sinna nyrstu byggðinni á austurströnd Grænlands. Í nóvember 2020 framlengdi Norlandair samning við grænlandsku heimastjórnina frá 2017 um flug frá Íslandi til Scoresbysunds. Samningurinn er til 6 ára og framlengjanlegur um 4 ár. Gert er ráð fyrir að flogið verði a.m.k. tvisvar í viku, bæði frá Akureyri og Reykjavík. Flugðið er í raun lífæð fólksins í þorpinu Ittoqqortoormiit, við mynni Scoresbysunds, þar sem rúmlega 300 manns búa, en þangað er flogið með þyrlu frá Nerlerit Inaat flugvelli. Flug Norlandair tryggir þessari afskekktu byggð aðgengi að opinberri þjónustu, ferskum matvælum og fleiri aðföngum. Í nýja samningnum kemur til bein

tenging byggðarinnar við Scoresbysund við Reykjavík, þótt ferðir þangað verði ekki jafn tíðar og til Akureyrar. Yfir árið verða a.m.k. 24 flug til Reykjavíkur, en 80 flug til Akureyrar. Norlandair (eða forveri félagsins) hefur allt frá árinu 1975 flogið til austurstrandar Grænlands, t.d. fyrir vísindamenn, danska herinn og fleiri.

Einkum er mikilvægt að efla samstarf á sviði flugsamgangna og flugþjónustu á milli Íslands og Grænlands. Uppbygging nýrra flugvalla í Nuuk, Ilulissat og Qaqortoq í Grænlandi, sem nú á sér stað, skapar ný tækifæri fyrir Grænlandinga til að tengjast betur áfangastöðum í Evrópu og Norður-Ameríku. Nýir flugvellir eiga að vera tilbúnir fyrir árslok 2023, þótt afhending þeirra gæti frestast í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins og annarra þátta. Við þessa uppbyggingu skapast tækifæri, bæði í farþegaflugi sem og til að efla vöruflutninga og þannig auka möguleika fyrir Grænlandinga til að koma ferskvöru á markað.

Grænland er rúmlega 50.000 manna markaður og vegna nálægðar Íslands er hagkvæmara að skipuleggja flutninga til og frá landinu gegnum Ísland en Danmörku. Einnig getur Ísland aðstoðað Grænlandinga við uppbyggingu innviða fyrir ferðamennsku og t.d. fullnýtingu og sölu sjávarafurða. Eingöngu um 10 prósent af þeirri flugfrakt sem fer til Grænlands hefur komið frá Íslandi og um 90 prósent frá Danmörku. Augljós tækifæri eru til að gera mun betur hvað þetta varðar og efla samgöngur milli landanna.

Eimskip og grænenska skipafélagið Royal Arctic Line eiga nú samstarf um flutningaþjónustu og grænenska skipafélagið er nú með föstum vikulegum siglingum tengt beint inn á flutningakerfi Eimskips. Mikil tækifæri felast í samstarfi skipafélaganna, bæði fyrir íslenska og grænenska aðila. Grænland, sem áður þurfti að flytja vörur gegnum Danmörku, hefur nú beina tengingu inn á alþjóðamarkaði og skapast miklir möguleikar fyrir Grænlandinga til að auka virði útflutnings sjávarfangs þar sem flutningstími styttest og hægt er að koma ferskum fiski beint á markað. Einnig skapast tækifæri til að auka viðskipti milli landanna, bæði í inn- og útflutningi, í þjónustu við framkvæmdir sem framundan eru á Grænlandi, t.d. námugróft og ýmislegt annað.

Ísland er í góðri aðstöðu til að fá verkefni sem tengjast framkvæmdum næstu ára og áratuga á norðurslóðum, á stöðum þar sem litlir sem engir innviðir eru fyrir hendi og erfiðar náttúrulegar aðstæður.

Með minnkandi hafís á norðurslóðum aukast siglingar í Íshafinu. Íslensk stjórnvöld þurfa að fylgjast vel með þróun mála um opnun siglingaleiða og réttindi til að nýta þær. Þegar að því kemur að vöruflutningar yfir hafsvæði á norðurslóðum verða hagkvæmari en hefðbundnar flutningaleiðir má búast við hröðum og miklum vexti í þeim flutningum. Reiknað er með að til siglinganna þurfi sérstyrkt skip og því má búast við að umskipunarhafnir verði byggðar á heppilegum stöðum á jaðri Íshafsins. Finnafjörður hefur verið til skoðunar en einnig má reikna með að t.d. Norður-Noregur komi sterklega til greina fyrir slíka höfn og að samkeppni verði nokkur.

Ljóst er að mörg sveitarfélög hafa áhuga á að byggja upp hafntengda starfsemi á umráðasvæði sínu. Starfshópurinn telur rétt að leggja höfuðáherslu á uppbyggingu á Norðurlandi og suðvesturhorni landsins. Mikilvægt er að efla innviði sem þegar eru til staðar, sé núverandi staðsetning þeirra metin skynsamleg og með möguleika til framtíðar.

Rétt er að íslensk stjórnvöld haldi áfram að leggja áherslu á orkuskipti á hafi og frá hafntengdri starfsemi. Byggja þarf upp innviði í höfnum landsins sem gerir skipum kleift að minnka útblástur. Rafeldsneyti, sem búið er til með sjálfbærum, umhverfisvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum, þarf að vera til staðar í höfnum landsins. Þá þarf að tryggja raftengingar fyrir stærri skip í höfnum á Íslandi, einnig skemmtiferðaskip. Huga þarf að framtíðarþörfum hafna í skipulagsvinnu sveitarfélaga. Stjórnvöld þurfa einnig að hvetja til frekari fjárfestinga í rafknúnum skipum og ganga á undan með góðu fordæmi varðandi rekstur skipa í eigu ríkisins.

Til að Ísland geti sannarlega verið miðstöð fyrir samgöngur og þjónustu á norðurslóðum er einnig nauðsynlegt að huga að samgöngum á landi á Íslandi. Mikilvægt er að byggja vegakerfið til framtíðar þannig upp að meginæð frá athafnasvæðinu við Keflavíkflugvöll fari ekki í gegnum umferðarhindranir í höfuðborginni, heldur væri hægt að aka með vöru beint milli flugvallar, alþjóðahafna og landsbyggðar. Það væri mikilvægt til að draga úr umferð og þar af leiðandi losun gróðurhúsalofttegunda.

5.1 Fjarskipti og leiðsaga

Norðurslóðir eru mjög víðfeðmt svæði þar sem aðstæður eru oft erfiðar og krefjandi. Öflug fjarskipti eru því bæði öryggismál fyrir íbúa fjarlægðari byggða, ferðamanna og sjófarenda, og nauðsynlegar til að tryggja tengingu við umheiminn. Þá eru góð fjarskipti einnig mikilvæg til að geta veitt íbúum byggða á norðurslóðum menntun og þjónustu í heimabyggð og tryggja sjálfbærni smærri og afskekktari samfélaga.

Isavia fer með flugumferðarþjónustu fyrir hönd Íslands í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Það samanstendur af:

- lofthelgi Íslands,
- úthafssvæðinu skv. svokölluðum „Joint Finance“-samningi Íslands við hóp ríkja á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO; og
- lofthelgi Grænlands að stórum hluta skv. tvíhliða samningi Íslands og Danmerkur.

Af samrekstri þessara svæða hlýst hagræði fyrir alla aðila. Hér á landi hafa skapast fjölmörg vel launuð störf við að sinna þessari þjónustu, orðið til þekking og tækifæri til að gæta hagsmuna Íslands á svæðinu. Með því að þjónusta einnig svæðið yfir Grænlandi, fyrir hönd Danmerkur, eru efnahagslegar forsendur fyrir því að reka kerfið á Íslandi.

Annað slagið kemur til umræðu hjá dönskum og grænenskum stjórnvöldum hvort heppilegasta fyrirkomulagið sé að fela Íslandi flugumferðarþjónustu yfir Grænlandi. Samningur Íslands og Danmerkur er ótímabundinn með árs uppsagnarfresti. Komi til uppsagnar samningsins milli Íslands og Danmerkur er talið að ekki muni borga sig fyrir Ísland að viðhalda „Joint Finance“-samningnum og til uppsagnar hans gæti þurft að koma. Hvað þá tæki við er óvíst en með nútíma fjarskiptatækni er staðsetning flugstjórnarmiðstöðvar hér á landi fyrir úthafssvæðið ekki eins mikilvæg og áður. Raunveruleg hættu er því á að flugumferðarþjónusta fyrir úthafssvæðið færi úr landi og að Ísland sæi aðeins um flugumferðarþjónustu í lofthelgi Íslands með auknum kostnaði þar sem samlegðar við mun stærra svæði nyti ekki lengur við.



Mynd 7: Íslenska flugstjórnarsvæðið (Mynd: Isavia).

Engar formlegar viðræður eru í gangi milli Íslands og Danmerkur en Isavia vinnur stöðugt að því að bæta samkeppnishæfni sína við að veita þjónustuna, tryggja sameiginlega hagsmuni Íslands, Grænlands og Danmerkur og að halda stjórnvöldum þjóðanna upplýstum um stöðu mála. Í þeim tilgangi stofnaði Isavia Suluk ApS, grænenskt einkahlutafélag, til að annast flugleiðsögubjónustu á Grænlandi. Félagið sér nú þegar um flugumferðastjórn á einum flugvelli á Grænlandi og vinnur að því að þjálfa Grænendinga til starfa.

Gervihnattaleiðsögukerfi gegna vaxandi hlutverki í flugleiðsögu, siglingum, fiskveiðum, fyrir hvers kyns sjálfstýrð tæki og fleira. Kerfi eins og ameríska GPS-kerfið eða evrópska Galileo-kerfið eru þó ekki nægilega nákvæm, ein og sér, til að hægt sé að nota þau þegar mikillar nákvæmni er krafist eins og á lokastigum blindaðflugs, né til að mæta vaxandi kröfum um nákvæmni leiðsögukerfa til sjós og lands. Því hafa verið hönnuð leiðréttingarkerfi sem auka nákvæmni gervihnattaleiðsögukerfanna. Ameríska kerfið gengur undir nafninu WAAS og það evrópska undir heitinu EGNOS. Þessi kerfi eiga það sameiginlegt að vera svæðisbundin. Þau byggja á jarðstöðvum sem mæla skekkjuna og senda leiðréttingarmerki um gervihnetti yfir miðbaug. Ameríska WAAS kerfið nær úr vestri að ströndum Grænlands en evrópska EGNOS kerfið úr austri inn á mitt Ísland.

Þar sem kerfin senda leiðréttinguna út með gervihnöttum yfir miðbaug er áreiðanleiki og útbreiðslusvæði kerfanna takmarkað til norðurs vegna þess hve lágt hnettirnir eru yfir sjóndeildarhringnum og hve lítið þarf, þar af leiðandi, til að skyggja á þá. Fyrir vikið hafa einkum Norðmenn og Finnar áhuga á að bæta

við gervihnöttum sem ganga á sporbraut hátt yfir norðurpólnum, svokölluðum HEOS hnöttum. Slíkir hnettir mundu bæta áreiðanleika EGNOS leiðréttingakerfisins hér á landi en ekki nákvæmni leiðréttingarinnar. Til þess að stækka útbreiðslusvæði EGNOS kerfisins vestur fyrir land þyrfti að setja upp jarðstöðvar á Grænlandi og til þess að stækka útbreiðslusvæði WAAS kerfisins austur yfir Grænland þarf væntanlega jarðstöðvar á Íslandi.

Starfshópurinn telur mikilvægt að íslensk stjórnvöld vinni að því að stækka útbreiðslusvæði EGNOS gervihnattaleiðsögukerfisins vestur fyrir Íslandi og á hafsvæðinu milli Íslands og Grænlands. Því er lagt til að Ísland leiti til grænlenkra stjórnvalda um samstarf í þessum efnum. Stækkun útbreiðslusvæðisins eykur nákvæmni EGNOS hér á landi. Án þessara innviða gæti Ísland átt á hættu að heltast úr lestinni þegar kemur að sjálfvirknivæðingu á samgöngum á sjó. Þetta eru mikilvægir innviðir til að styrkja flugsamgöngur og gætu dregið úr kostnaði við flugleiðsögu til lengri tíma litið og haft þýðingu varðandi eftirlit innan landhelginnar og á norðurslóðum. Þá gæti það eftl möguleika Íslands við leit og björgun.

Ísland er mjög vel tengt við umheiminn. Árið 2017 taldi Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) Ísland vera í efsta sæti yfir þjóðir heimsins um aðgengi og nýtingu landsmanna á upplýsinga- og fjarskiptatækni¹. Stjórnvöld hafa styrkt lagningu ljósleiðara um sveitir landsins og þannig stuðlað að afar mikilli útbreiðslu háhraða fjarskiptaneta. Þau hafa jafnframt fjármagnað lagningu sæstrengja fyrir fjarskipti sem liggja til Evrópu.

Fjarlægð landsins frá helstu tengipunktum internetsins hefur valdið því að hér á landi kosta tengingar við internetið meira en víða annars staðar og jafnframt er meiri seinkun á merkjum sem ferðast til og frá Íslandi inn á tengipunkta þess en frá flestum öðrum löndum. Seinkunin og tengikostnaðurinn eru ókostir gagnvart uppbyggingu gagnavera í landinu. Landið hefur þó ýmsa kosti sem rekendur gagnavera sækjast eftir, eins og umhverfsvæna orku á verði sem getur keppt við orkuverð í nágrennalöndum en einnig mun minni þörf fyrir virka kælingu sem er stór kostnaðarliður í mörgum löndum. Hér hafa verið byggð gagnaver sem nýta þessa kosti eins og þau sem notuð eru til þess að sækja rafmynt eða geyma mjög öflug tölvuver. Þörf fyrir að geyma og vinna upplýsingar fer sífellt vaxandi og gagnaver verða sérhæfðari. Nú eru til gagnaver sem geyma efni sem ekki er jafn næmt fyrir seinkun. Þar með opnast tækifæri til að byggja slík gagnaver á Íslandi. Forsenda er þó sú að þriðji sæstrengurinn verði lagður milli Íslands og Evrópu. Nýlega var tilkynnt um að fjármögnun á nýjum fjarskiptastreng milli Íslands og Írlands væri tryggð með aðkomu ríkisins. Gert er ráð fyrir að nýr strengur verði tekinn í notkun fyrir árslok 2022. Jafnframt þarf að styrkja stofnet ljósleiðara um landið og bæta afhendingaröryggi raforku utan

¹ „ICT Development Index 2017,“ ITU, <https://www.itu.int/net4/ITU-D/idi/2017/index.html>

SV-lands. Í uppbyggingu gagnavera felst gott tækifæri til þess að laða hátæknistarfsemi til landsins og selja raforku.

Ýmis tækifæri geta legið í uppbyggingu gagnavera og ofurtölva á Íslandi. Til þess þarf að huga vel að þeim forsendum sem gagnaver byggja á, þannig að þau geti ótvírætt laðað að margþætta hugbúnaðar- og tæknistarfsemi.

5.2 Leiðarljós:

Flugsamgöngur

23. Áfram verði unnið að uppbyggingu og stækkun Keflavíkurflugvallar og innviðir á nærsvæði flugvallarins eflir og styrktir. Einnig verði flugvöllurinn á Akureyri eflur og hugað að þörf á uppbyggingu þyrlopalla.
24. Markvisst verði unnið að því að efla flugsamgöngur frá Íslandi við aðra áfangastaði á norðurslóðum og nærsvæðum. Einkum er mikilvægt að beinu reglulegu flugi verði komið á frá Íslandi til Rússlands og Kína þegar flugsamgöngur komast aftur í eðlilegt horf í kjölfar COVID-19, en kínverskir ferðamenn hafa mikinn áhuga á að heimsækja norðurslóðir.
25. Unnið verði að því að tryggja að Íslandi verði áfram falið að sjá um flugumferðarþjónustu á Norður-Atlantshafi, úthafssvæðinu, samkvæmt Joint-Finance samningnum.

Siglingar

26. Hugað verði að heppilegri staðsetningu fyrir stórskipahöfn í nágrenni Keflavíkurflugvallar, sem myndi styrkja svæðið sem tengistöðvar fyrir flutninga og samgöngur – í lofti, láði og legi.
27. Stjórnvöld styðji starf á vettvangi Norðurskautsráðsins og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem miðar að því að draga úr siglingum með hættulegan farm og takmarka notkun mengandi eldsneytisgjafa á norðurslóðum.
28. Stjórnvöld hvetji til aukinnar notkunar á lífrænu og endurnýjanlegu eldsneyti sem aflagjafa í skipum sem sigla um norðurslóðir. Einnig þarf að efla mengunarvarnir og gera auknar kröfur um minni mengandi útblástur með hreinsun á afgangi skipavélanna, sem og auka eftirlit með mengun frá skipum.
29. Íslensk stjórnvöld haldi áfram að leggja áherslu á orkuskipti á hafi og frá hafntengdri starfsemi og byggi upp nauðsynlega innviði í höfnum landsins sem leiði til minni útblásturs skipa og tryggi aðgengi að rafeldsneyti sem búið er til með sjálfbærum, umhverfisvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum.
30. Stjórnvöld hvetji til frekari fjárfestinga í rafknúnum skipum og gangi á undan með góðu fordæmi um rekstur skipa í eigu ríkisins.

Gervihnattaleiðsaga

- 31.** Íslensk stjórnvöld vinni að því að stækka útbreiðslusvæði EGNOS gervihnattaleiðsögukerfisins til að auka drægni þess yfir Íslandi og á hafsvæðinu milli Íslands og Grænlands.
- 32.** Ísland gerist aðili að geimáætlun ESB og þar með gervihnattaleiðsögukerfunum Galileo og EGNOS frá og með 2021.

6. Öryggismál: Leit og björgun

Samfara aukinni umferð um Norður-Íshaf og um íslenska efnahagslögsögu eykst þörf á því að hafa öryggisviðbúnað til reiðu á Íslandi, svo viðbragðsaðilar geti skjótt og örugglega komið sjófarendum í háska til aðstoðar. Sérstaklega má benda á fjölgun komu skemmtiferðaskipa til Íslands, áður en COVID-19 heimsfaraldurinn kom til, og sem eiga leið um íslenska lögsögu. Samfara áherslu um að Ísland verði samgöngumiðstöð fyrir norðurslóðir þarf að gera stórsókn í uppbyggingu á sviði leitar og björgunar.

Full ástæða er til að hafa áhyggjur af takmarkaðri viðbragðsgetu um leit og björgun innan íslenskrar landhelgi og víðar á hafsvæði norðurslóða. Þörf er á að efla og halda uppi lágmarksviðbúnaði á Íslandi. Mikill harmleikur yrði ef skemmtiferðaskip lenti í vandræðum innan íslenskrar lögsögu eða annars staðar á norðurslóðum, langt frá viðbragðsaðilum og þar sem fjöldi farþega væri um borð, misfær um að takast á við líkamlega áreynslu og slæm skilyrði. Viðbúnað er að íslenskir björgunaraðilar ættu erfitt um vik að sinna tilskildum neyðarviðbrögðum sökum takmarkaðs búnaðar og mannafla. Má sem dæmi nefna að þyrlla getur ekki lent á skipum Landhelgisgæslunnar. Eins væri slíkt fjöldaslys áskorun fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi. Slíkt stórslys yrði ólýsanlegur harmleikur, en gæti á sama tíma orðið mikill álitshnekkir fyrir Ísland og dregið úr áhuga fólks að sækja landið heim.

Aðildarríki Norðurskautsráðsins hafa gert með sér samkomulag um leit og björgun. Oft hefur komið til umræðu að koma upp björgunarmiðstöð á Íslandi og var m.a. unnin skýrsla árið 2016 á vegum innanríkisráðuneytisins um þann möguleika, sem ber yfirskriftina *Björgun og öryggi í norðurhöfum*².

Staðsetning landsins, íslausar hafnir árið um kring og sterkir innviðir fela í sér tækifæri til að Ísland verði mikilvæg þjónustumiðstöð vegna björgunar og leitarstarfa á norðurslóðum. Aðstaða er góð til geymslu búnaðar og geta til þjónustu er til staðar. Telur starfshópurinn mikilvægt að íslensk stjórnvöld eigi frumkvæði að því að alþjóðlegri björgunarmiðstöð verði komið fyrir á Íslandi,



Mynd 8: Mikilvægt er að efla leitar- og björgunargetu á norðurslóðum (Mynd: Gollu).

² Innanríkisráðuneytið, *Björgun og öryggi í norðurhöfum: Skýrsla stýrihóps innanríkisráðherra* (Reykjavík: 2016), <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/BjorgunarmidstodSkyrsla.pdf>

sem hluti af neti slíkra miðstöðva annars staðar á norðurslóðum sem gætu átt samstarf um björgun og leit á þessu víðfeðma svæði. Nauðsynlegt er að Ísland geri stóráttak í fjárfestingu á búnaði svo björgunargeta á Íslandi sé viðunandi og í takt við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands sem strandríkis.

Efnahagsleg tækifæri í björgunarpjónustu eru mikil og margvísleg. Nefna má uppbyggingu mannvirkja, þjálfun, gistingu, flutning búnaðar og þjónustu við þúsundir manna á ári hverju sem myndu tengjast umfangi slíkrar miðstöðvar. Líklegt er að slík björgunarmiðstöð yrði ein af mörgum miðstöðvum á norðurslóðum. Lega Íslands skapar þó nú þegar sérstöðu sem önnur ríki vilja nýta. Mögulegt er að aukin björgunargeta á Íslandi gæti leitt til lægri iðgjalda fyrir íslensk fyrirtæki, t.d. fyrir tryggingu farms sem fer um íslenska efnahagslögsögu.

Huga þarf að því að styrkja eftirlits- og viðbragðskerfi þegar kemur að hafntengdri starfsemi og efla þekkingu og reynslu af björgunarmálum á norðurslóðum. Einnig gæti þetta verið áhugavert fyrir vísindamenn og nýsköpunarfyrirtæki á Íslandi sem vinna að rannsóknum á sviðum sem tengjast öryggismálum á hafinu, t.d. hvað varðar rannsóknir á ölduhæð og annað.

Á þessu sviði liggja ekki síst tækifæri í því að gera öðrum þjóðum kleift að geyma búnað sinn á Íslandi. Danir geyma t.d. nú hluta af björgunarbúnaði sínum á Keflavíkurflugvelli. Koma þarf fyrir ekjubryggju, svo aka megi með búnað frá skipi beint í land í Helgúvík vegna flutnings og geymslu leitar- og björgunarbúnaðar hér á landi. Það er nú þegar mjög brýnt því viðbragðstími skiptir miklu máli. Í dag þarf að aka með búnaðinn í fjarlægari hafnir til að sjósetja hann.

Íslenska heilbrigðiskerfið veitir íbúum A-Grænlands nú þegar ýmiss konar þjónustu og tækifæri gætu legið í því að efla áherslu á samstarf við Grænendinga á sviði heilbrigðismála, og í þjónustu við starfsfólk sem starfar þar í framtíðinni við ýmsa uppbyggingu, framkvæmdir, námavinnslu og annað. Sjúkrahúsið á Akureyri er næsta sjúkrahús fyrir íbúa á austurströnd Grænlands og þjónustar sjúkrahúsið nú þegar íbúa svæðisins. Þá er mikilvægt að íslenskt heilbrigðiskerfi hugi að æfingum og viðeigandi undirbúningi svo það geti tekið þátt í viðbrögðum verði hópslys á norðurslóðum.

6.1 Leiðarljós:

Leit og björgun

- 33.** Íslensk stjórnvöld fjármagni uppbyggingu innlands björgunarklasa og tryggi viðunandi getu á sviði leitar og björgunar á Íslandi. Efla þarf Landhelgisgæsluna til að mæta niðurstöðum þarfagreiningar. Landhelgisgæslan leggur áherslu á að geta haft tvö varðskip á hafinu samtímis. Einnig að mögulegt sé að hafa tvær þyrlur og áhafnir í viðbragðsstöðu, árið um kring. Þá þarf að tryggja að flugvél Landhelgisgæslunnar geti nýst meira til eftirlits með

efnahagslögsögunni en nú er. Brýnt er að endurnýja flugskýli Landhelgisgæslunnar í Reykjavík, efla öryggisviðbúnað á Keflavíkurflugvelli og tryggja hafnaraðstöðu í nágrenni flugvallarins, t.d. í Njarðvík.

34. Í framhaldi af slíkri fjárfestingu vinni Íslensk stjórnvöld að því að innlendir björgunarklasi geti þjónað sem vísir að alþjóðlegri leitar- og björgunarmiðstöð á Íslandi og hluti af neti björgunarmiðstöðva á norðurslóðum. Fleiri ríki verði hvött til að geyma hluta af björgunarviðbúnaði sínum á Íslandi, eins og Danir gera nú þegar.
35. Íslensk stjórnvöld vinni að því að laða til Íslands samstarf á sviði vísinda og rannsókna á norðurslóðum, sem m.a. geti nýst við björgunarstarf, t.d. varðandi mat á ölduhæð, veðurspárgerð o.fl.

Heilbrigðisgeirinn

36. Gera þarf mat á þörf á uppbyggingu heilbrigðiskerfisins og ráðast í nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja að sjúkrahús á norðanverðu og vestanverðu landinu geti bætt á sig sjúklingum og verkefnum, ekki síst vegna aukinna umsvifa á austurströnd Grænlands og fyrirséðri fjölgun sjúklunga sem leita aðhlyningar á Íslandi. Jafnframt þarf að tryggja að sjúkrahúsin hafi réttan viðbúnað og séu undirbúin komi til alvarlegra stórslysa á hafinu kringum Ísland.
37. Mikilvægt er að fjárfesta í menntun heilbrigðisstarfsmanna og efla áfram gott heilbrigðiskerfi á Íslandi til framtíðar til að tryggja að Ísland geti verið sú þjónustumiðstöð á norðurslóðum sem starfshópurinn sér fyrir sér.

7. Framkvæmdir, viðskipti og fjárfestingar

Ýmis tækifæri blasa við á næstu árum og áratugum á norðurslóðum fyrir íslenskt atvinnulíf. Síðustu ár hafa mörg stór innviðaverkefni hafist eða verið sett á dagskrá. Sem dæmi má nefna ýmis verkefni á Grænlandi, t.d. byggingu vatnsorkuvera, lagningu flugbrauta, gerð jarðganga og byggingar flugstöðva, hótela og fleiri stórra framkvæmda. Þessi mikla uppbygging sem er framundan sést m.a. í því að mannfjöldaspár gera ráð fyrir að íbúafjöldi í höfuðborg Grænlands, Nuuk, vaxi um nær 50 prósent á næstu tíu árum. Þessi stóru verkefni skapa ýmis tækifæri fyrir íslenska aðila, hvort sem er í gegnum beina aðkomu að umræddum verkefnum eins og hönnun og byggingu, eða af þjónustu við þau, m.a. stoðþjónustu sem veita mætti frá Íslandi.

Grænland hentar einstaklega vel fyrir námavinnslu. Landið er mjög ríkt af ýmsum steinefnum, sjaldgæfum jarðefnum og málmum sem eftirsótt eru í ýmiss konar iðnaðarframleiðslu og til annarra nota, og hafa jöklar og sjórinn skorið landið sem auðveldar aðgengi að auðlindunum og dregur úr jarðraski. Austur-Grænland er m.a. ríkt af gulli, úrani, demöntum, lípíum og rúbín. Mörg fyrirtæki í námavinnslu hafa augastað á því að hefja vinnslu á Grænlandi og hafa margir bent á að ýmis tækifæri gætu legið í því fyrir Ísland að þjónusta slíka vinnslu.

Stórar framkvæmdir á Grænlandi, og annars staðar á norðurslóðum, á borð við byggingarframkvæmdir og námavinnslu skapa tækifæri fyrir íslenska aðila, t.d. verkfræðifyrirtæki varðandi hönnun og stjórn framkvæmda, skipulag og eftirlit með framkvæmdum, byggingarfyrirtæki við framkvæmdina sjálfa og fyrirtæki sem þjónusta vinnubúðir. Tækifæri gætu legið í að senda vistir og matvæli frá Íslandi til vinnubúða á norðurslóðum, auk þess að veita aðra þjónustu við starfsfólk svo sem varðandi þvotta, rekstur gistingar, fjármálaþjónustu, ferðir starfsfólks, afþreyingu, velferð, mannauðsmál og annað. Næsta sjúkrahús við framkvæmdarsvæði á austurströnd Grænlands er á Íslandi og því styst að fljúga til Íslands með sjúklinga þangað. Heilbrigðisþjónustu vegna framkvæmda á Grænlandi mætti veita t.d. á Vestfjörðum og Norðurlandi og stuðla þannig að eflingu þjónustu á þessum stöðum. Sjá nánar tillögur um heilbrigðiskerfið í kaflanum hér á undan um leit og björgun.

Grænlandsnefnd utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra leggur til í niðurstöðum sínum að utanríkisráðuneytið, í samstarfi við Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins, kortleggi sérstaklega hvers konar stoðþjónustu námafyrirtæki á Grænlandi þarfnist og möguleikum íslensks atvinnulífs til að mæta þeim þörfum. Einnig að sett verði upp vefgátt með þessum upplýsingum, svo námafélög geti á einum stað fengið allar upplýsingar um mögulega þjónustu frá Íslandi. Enn fremur að utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra bjóði völdum námafélögum til Íslands til að kynna möguleika á samstarfi um

þjónustu, mannvirkjagerð og fullvinnslu hráefna á Íslandi. Starfshópurinn tekur undir þessa tillögu.

Fjartækni og netlausnir skapa ýmsa möguleika, t.d. fyrir ýmsa heilbrigðis- eða menntatengda þjónustu á borð við sálfræðimeðferð, stuðning við áfengis meðferð, eða annað þar sem þjónustu mætti veita í gegnum netið, en fylgja eftir með reglubundnum heimsóknum á framkvæmdasvæðið.

Þá er áhugi umheimsins á norðurslóðum að aukast og ýmsir áhugaverðir kostir í viðskiptum og fjárfestingum sem mikilvægt er að íslensk stjórnvöld fylgist með. Tryggja þarf að regluverk sé til staðar og greiða úr stjórnsýslulegum hindrunum sem kunna að koma upp svo íslenskir aðilar geti framkvæmt viðskiptahugmyndir sem kvikna.

Ljóst er að íslensk fyrirtæki hafa mikinn áhuga á að eiga viðskipti í öðrum ríkjum á norðurslóðum. Norðurslóða-viðskiptaráðið var stofnað árið 2013 og tekur á þriðja tug fyrirtækja þátt í starfinu. Grænlandsk-íslenska viðskiptaráðið er næst stærsta alþjóðlega viðskiptaráðið, á eftir Amerísk-íslenska viðskiptaráðinu. Alls taka 80 fyrirtæki þátt í starfi ráðsins (50 á Íslandi og 30 á Grænlandi). Fyrirtækin starfa á ólíkum vettvangi, má t.d. nefna verkfræðistofur, heildsala, lögfræðistofur, malbikunarfyrirtæki og fyrirtæki í matvælaframleiðslu. Einnig eru starfandi millilandaráð með bandarískum, færeyskum, norskum, sænskum og rússneskum fyrirtækjum.

Í framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning sem Íslandsstofa vann árið 2019 fyrir utanríkisráðuneytið var lögð áhersla á að Ísland verði þekkt sem leiðandi land á sviði sjálfbærni og settar fram sex stefnumótandi áherslur: orka og grænar lausnir; hugvit, nýsköpun og tækni; listir og skapandi greinar; ferðaþjónusta, sjávarútvegur; sérhæfð matvæli og náttúruafurðir. Áhugaverðir fjárfestingarkostir eru á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta til uppbyggingar og verðmætasköpunar á þessum sviðum.

Ísland gæti unnið með markvissari hætti en nú er gert að því að laða erlenda fjárfesta til landsins. Þannig væri hægt að forvinna fjárfestingartækifæri og kynna tilbúna lausnir. Byrja þyrfti að greina hvers konar fjárfestingarverkefni Ísland hafi áhuga á að laða til landsins, skýra hvaða skilyrði verði gerð til erlendra fjárfesta, einnig með tilliti til þjóðarhagsmuna, og vinna alla heimavinnuna sem snýr að leyfum og slíku sem tengist stjórnsýslunni. Þannig liggja fyrir upplýsingar og hugsanlega verði búið að ljúka ákveðnum undirbúningi svo umrædd fjárfesting geti orðið að veruleika.

Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir mætti fara út og bjóða „pakkann“ eða „rammann“ fram gegn áður skilgreindum markmiðum. Sérstakur aðili gæti leitt fjárfesta í gegnum ferlið þegar um stór fjárfestingarverkefni er að ræða með markvissari hætti en nú er gert. Jafnvel væri kostur að hafa heimildir og svigrúm til að bjóða ívilnanir í takt við íslenska löggjöf, ef um er að ræða verkefni sem eru einstaklega eftirsóknarverð eða ákjósanleg fyrir íslenskt atvinnulíf og efnahag. Með því að hafa slíkan ramma sem bjóða mætti erlendum fjárfestum –

þar sem búið væri að draga úr ýmiss konar óvissu og fjárfestirinn væri markvisst studdur í gegnum ferlið – gæti Ísland bætt samkeppnisstöðu sína þegar kemur að því að laða erlendar fjárfestingar til landsins. Í slíkum pakka þyrfti upplýsingar um mál eins og mat á umhverfisáhrifum, orkuverð og frágang úrgangs, skipulagsvinnu sveitarfélaga, samkeppnismál, skattamál og fleira. Þá var starfshópnum bent á mikilvægi þess að opinberar stofnanir á borð við Samkeppniseftirlit starfi hraðar og að opinberar stofnanir veiti upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir fjárfesta til að tryggja fyrirsjáanleika, t.d. um skatta og opinber gjöld sem fyrirtæki munu þurfa að greiða eftir að þau hefja rekstur.

Þá þurfa íslensk stjórnvöld að styðja sérstaklega við íslensk fyrirtæki sem vinna að því að þróa vörur og þjónustu sem getur nýst á norðurslóðum, t.d. sem miða að því að bæta samgöngur, efla fjarþjónustu, stuðla að umhverfisvernd og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og annað.

Efnahagsráð norðurslóða, vettvangur atvinnulífsins til að ræða málefni norðurslóða sem er stýrt af aðilum úr formennskuríkinu í Norðurskautsráðinu hverju sinni, hefur bent á að skortur á áhættufjármagni standi í vegi fyrir vexti smárra og meðalstórra fyrirtækja og að aðgengi að slíku fjármagni sé mikilvægt svo sprotafyrirtæki geti dafnað. Þá hefur Efnahagsráðið lagt til að stjórnvöld, atvinnulíf og fjárfestingarstofur vinni saman að því að koma á sameiginlegri markaðsetningu á fjárfestingartækifærum á norðurslóðum og sameiginlegum vettvangi þar sem fjárfestar gætu deilt reynslu sinni. Má segja að Hringborð norðurslóða sé nú þegar slíkur vettvangur, en þangað sækja fjölmargir aðilar úr atvinnulífinu, fjárfestar og fulltrúar stjórnvalda og mætti leita leiða til að styrkja þennan þátt Hringborðsins í samstarfi við skrifstofu Hringborðs norðurslóða. Þá leggur Efnahagsráð norðurslóða til að stjórnvöld á norðurslóðum eigi samstarf við einkageirann um að koma á fót fjárfestingarsjóði fyrir norðurslóðir. Mikilvægt er að íslenskt athafnalíf og stjórnvöld eigi þátt í umræðu og hugsanlegri stofnun slíks sjóðs.

7.1 Leiðarljós:

Viðskipti, námavinnsla og framkvæmdir

38. Utanríkisþjónustan kynni reglulega tækifæri, áskoranir og viðskiptaumhverfi á norðurslóðum, með aðstoð sendiskrifstofa á norðurslóðum, í samstarfi við Íslandsstofu, Viðskiptaráð Íslands, millilandaráðin, Samtök atvinnulífsins og fleiri aðila.
39. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra leiði viðskiptasendinefndir á áfangastaði á norðurslóðum þegar aðstæður vegna COVID-19 leyfa.

Fjárfestingar

40. Íslensk stjórnvöld laði erlenda fjárfestingu til landsins með markvissari hætti til uppbyggingar- og verðmætasköpunar á þeim sviðum sem styðja best við útflutnings- og nýsköpunarstefnu Íslands. Skilgreint verði hvers konar fjárfestingar vilji sé á að laða til Íslands, fjárfestingakostir

undirbúnir og skýrt hvaða reglur gildi varðandi umrædda fjárfestingu. Íslandsstofa vinni í kjölfarið markvisst að því að koma slíku virðistilboði á framfæri við vænlega fjárfesta þegar búið er að vinna undirbúningsvinnuna

- 41.** Leitast verði við að styðja viðskiptaþróun og fjárfestingar á norðurslóðum með skýrari hætti í kringum Hringborð norðurslóða, í samvinnu við skrifstofu Hringborðsins. Þangað koma fulltrúar fjölmargra fyrirtækja og þurfa stjórnvöld og atvinnulíf að vinna saman til að geta stuðlað að því að hámarka tækifærin sem felast í því að þessi stóri viðburður sé haldinn á Íslandi ár hvert. Íslensk stjórnvöld og aðilar í nýsköpun standi fyrir kynningu á lausnum sem eru í þróun eða að koma nýjar á markað sem geta nýst á norðurslóðum á Hringborði norðurslóða.

8. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvælaframleiðsla

Sjávarútvegur hefur lengi verið ein helsta meginstoð atvinnulífs á Íslandi og hafa Íslendingar náð góðum árangri í að hámarka nýtingu og virði afla sem kemur að landi. Íslensk fyrirtæki hafa einnig sérhæft sig í gerð tækjabúnaðar í fiskvinnslu og matvælaframleiðslu. Ísland hefur sömuleiðis verið landbúnaðarþjóð frá upphafi byggðar og eru íslenskar landbúnaðarafurðir þekktar fyrir hreinleika og gæði.

Matvælaframleiðsla á Íslandi stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum og tækifærum samfara loftslagsbreytingum sem íslensk stjórnvöld þurfa að huga að. Fiskistofnar flytja sig um set vegna hækkandi hitastigs og súrnun sjávar er einnig mikið áhyggjuefni. Þá skapast möguleikar í landbúnaði fyrir ræktun nýrra tegunda vegna hækkandi hitastigs, en einnig gætu ýmis skordýr sem ógna ræktun komið sér fyrir á Íslandi og skapað vandamál. Þá er búist við að sveiflur í veðurfari verði meiri.

Norðurslóðir hafa, ólíkt mörgum hafsvæðum í dag, ríkulega fiskistofna í tiltölulega ómenguðu hafi. Ómælanleg verðmæti felast í ímynd svæðisins um heilnæmi og hreinleika. Þessa ímynd er mikilvægt að varðveita til framtíðar.

Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegstækni hafa látið til sín taka víða á norðlægum slóðum síðustu misseri. Einkum hefur vakið athygli hversu vel íslenskum fyrirtækjum hefur tekist að selja íslenska tækni, hugvit og hönnun til Rússlands, en þar í landi vinna stjórnvöld nú markvisst að því að byggja upp innlenda matvælaframleiðslu. Er hér um að ræða samninga upp á marga milljarða íslenskra króna. Augljósir hagsmunir eru að vinna áfram með Rússlandi við uppbyggingu bæði í sjávarútvegi og landbúnaði, og jafnframt að bjóða umræddar lausnir víðar þar sem byggja þarf upp í sjávarútvegi, t.d. Nýfundnalandi og auðvitað Grænlandi.

Afar áhugavert frumkvöðlastarf er unnið í Húsi Sjávarklasans í Reykjavíkurbíó, þar sem fyrirtækin eru um 70 talsins. Þetta verkefni hófst sem rannsóknarverkefni í Háskóla Íslands, í kringum árið 2010, þar sem öll starfsemi sem snýr að hafinu kringum Ísland var kortlögð. Þannig komu tengsl ólíkra greina betur fram og möguleikar til frekara samstarfs urðu greinilegri. Tilkoma Hringborðs norðurslóða hafði í framhaldinu mikið að segja um áframhaldandi uppbyggingu klasastarfsemi og stuðlaði einnig að samstarfi íslenska



Mynd 9: Íslendingar hafa mikilli þekkingu að miðla í sjávarútvegi (Mynd: Gollí).

sjávarklasans við klasa sem stofnaður var að Íslenskri fyrirmynd í Maine í Bandaríkjunum, og við klasa í Kanada, Noregi og Grænlandi.

Utánríkisþjónustan gæti kannað mögulega samstarfsfleti á sviði sjávarútvegs við hvert og eitt norðurslóðaríkanna. Mikil tækifæri gætu legið í auknu klasasamstarfi á norðurslóðum og styrkt stöðu Íslands sem leiðandi sjávarútvegsþjóðar á norðurslóðum. Sömuleiðis gætu áhugaverð tækifæri skapast við að safna gögnum um nýsköpun sem tengist öllu bláa hagkerfinu á Íslandi, einnig skel- og þararækt, öðru eldi, sjávarlíftækni, umhverfistækni og fleiru. Ljóst er að þarna gætu legið mikil tækifæri fyrir klasasamstarf á norðurslóðum. Eitt af þeim verkefnum sem Ísland hefur lagt áherslu á í formennskutíð sinni í Norðurskautsráðinu er einmitt á þessu sviði.

Fulltrúar Sjávarklasans nefndu í samtali við starfshópinn að spennandi samstarfsverkefni milli fyrirtækja og stofnana á norðurslóðum gætu skapast við áframvinnslu sjávarafurða og fullnýtingu þeirra. Mörg svæði á norðurslóðum hafa ekki náð að þróa áframvinnslu hliðarafurða og hafa þurft að fleygja stórum hluta þeirra. Í þessum efnum hafa Íslendingar mikilvægu hlutverki að gegna við að leiða samstarf og ráðgjöf á þessu sviði. Hér eru umtalsverð tækifæri fyrir íslensk tæknifyrirtæki til að hanna og selja lausnir sem henta fámennari byggðum. Þá kann skel- og þararæktun á norðurslóðum að skapa fjölda verðmætra atvinnutækifæra, ekki síst í dreifðum byggðum. Koma þarf á samstarfi til að efla tækniþróun og þekkingu á þessu sviði.

Einnig er eðlilegt, þar sem við á, að horft verði til möguleika til klasasamstarfs á öðrum áherslusviðum í framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning sem fjallað var um í 7. kafla. Má t.d. nefna að Ísland býr yfir þekkingu af landbúnaði á norðlægum slóðum. Hugsanlega geta legið tækifæri í klasasamstarfi og miðlun reynslu af landbúnaði og matvælaframleiðslu á norðlægum slóðum. Ekki síst hvað varðar nýtingu jarðhita. Starfshópnum var sömuleiðis bent á að það gæti verið nauðsynlegt að tryggja stuðning við kornrækt og aðgengi að fræbanka, þannig að þótt slæmt tíðarfar verði eitt sumarið séu til fræ til að tryggja áframhaldandi ræktun næsta sumar.

8.1 Leiðarljós:

Sjávarútvegur

42. Aðild Íslands að Norður-Íshafssamningnum tryggir Íslandi aðgang að nytjastofnum sem í framtíðinni kunna að finnast á því svæði. Íslensk stjórnvöld þurfa að fylgjast vel með þróun á þessu sviði og gæta íslenskra hagsmuna ef fiskveiðar verða mögulegar á samningssvæðinu.
43. Sendiráð Íslands gagnvart ríkjum á norðurslóðum kortleggi mögulega samstarfsfleti og tækifæri í auknu klasasamstarfi á norðurslóðum og styrki þannig stöðu Íslands sem leiðandi sjávarútvegsþjóðar á norðurslóðum, sem og á öðrum sviðum í framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning.

9. Ísland sem áfangastaður ferðamanna á norðurslóðum

Áhugi á ferðum um norðurslóðir hefur aukist verulega á síðustu árum. Svæði sem áður fyrr var lítið í kastljósinu og almenningur virtist hafa lítinn sem engan áhuga á er nú orðið eitt af vinsælustu áfangastöðum erlendra ferðamanna.

Margt skýrir þennan mikla aukna áhuga. Kemur þar meðal annars til vitundarvakning um umhverfismál og loftslagsbreytingar og áhugi fólks á að upplifa svæði sem gert er ráð fyrir að breytist verulega á næstu árum, bætt aðgengi að norðlægum svæðum sem áður var erfitt að komast til og áhugi fólks á að upplifa nýja og framandi hluti ásamt því að eignast myndir af sér við ótrúlegar aðstæður.

Ísland hefur svo sannarlega orðið vart við þennan aukna áhuga ferðamanna undanfarin ár og jókst straumur ferðamanna til Íslands jafnt og þétt síðustu ár þar til áhrifa COVID-19 heimsfaraldursins fór að gæta. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld tryggja hagsmuni Íslands í ferðaþjónustu í breyttri sviðsmynd eftir heimsfaraldurinn. Einnig er brýnt að Íslandsstofa hugi vel að kynningu og markaðssetningu á Íslandi bæði meðan á heimsfaraldrinum stendur og einnig þegar aftur skapast tækifæri til ferðalaga milli landa, eftir því sem bólusetningu vindur fram.

Líklegt er að ferðaþjónusta breytist talsvert þegar ferðalög hefjast aftur á ný í kjölfar faraldursins.

Mikilvægt er að tryggja hagsmuni Íslands í ferðaþjónustu í breyttri sviðsmynd. Ljóst er að Ísland hefur og mun áfram hafa mikið aðdráttarafl og ferðamennska er ein af áherslusviðum í framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning.

Íslensk fyrirtæki í ferðaþjónustu búa yfir mikilli reynslu af uppbyggingu síðustu ára, sem og af því að taka á móti ferðamönnum við erfiðar náttúrulega aðstæður, ferðum með hópa á jökla og aðrar krefjandi aðstæður. Mikil tækifæri felast í því að efla samstarf við nágrennaríkin, einkum Grænland á sviði ferðamennsku. Á Grænlandi verður mikil þörf fyrir uppbyggingu á sviði ferðamennsku á næstu árum og geta Íslendingar miðlað af reynslu sinni við uppbyggingu ferðamannastaða, þjálfun leiðsögumanna og annað, auk þess sem ýmis samlegðaráhrif geta legið í því fyrir Íslendinga og Grænlandinga að starfa saman í ferðamennsku.



Mynd 10: Mikil tækifæri felast í því að efla samstarf við nágrennaríki Íslands á sviði ferðamennsku (Mynd: Gollí).

Í skýrslu Grænlandsnefndar er ítarlega fjallað um ferðaþjónustu á Grænlandi og tækifæri fyrir löndin til samstarfs. Starfshópurinn tekur undir tillögur nefndarinnar, en þær fjalla m.a. um sameiginlega markaðssetningu, samráð yfirstjórnna ferðamála í báðum löndum, stefnumótun fyrir fyrirtæki á Íslandi og á Grænlandi, miðlun lausna og nýmæla í stjórnsýslu, starfsnám á Íslandi fyrir nemendur sem útskrifast sem heimskautaleiðsögumenn á Grænlandi og alþjóðlegan fjárfestingarsjóð fyrir norðurslóðir fyrir uppbyggingu innviða í ferðamennsku.

9.1 Leiðarljós:

44. Ísland skilgreini sig sem áfangastað á norðurslóðum og sérhæfi sig í ferðalögum til annarra áfangastaða á norðurslóðum.
45. Ísland, Grænland, Færeyjar, og N-Noregur, starfi saman við markaðssetningu, einkum í Asíu, og bjóði ferðir þar sem öll löndin eða hluti þeirra eru heimsótt. Einnig liggja tækifæri í því að útvíkka samstarf þessara landa til annarra svæða á norðurslóðum.
46. Ýmis tækifæri eru samfara komu skemmtiferðaskipa til landsins t.d. varðandi þjónustu og möguleika á því að nýta innlenda innviði. Ísland gæti t.d. verið tilvalið til áhafnaskipta fyrir skipin. Íslensk stjórnvöld vinni að því að selja skipunum matvæli og aðra nauðsynjavöru á Íslandi.
47. Íslensk stjórnvöld vinni markvisst í því að laða til landsins skemmtiferðaskip á vegum skipafélaga sem eru góð fyrirmynd varðandi umhverfismál og öruggari mengunarvarnir, auk þess að búa yfir besta mögulega búnaði varðandi öryggismál fyrir farþega.

10. Samstarf á sviði vísinda, menningar, nýsköpunar og menntunar

Þekking mannkyns á norðurslóðum er að miklu leyti takmörkuð, ekki síst þar sem aðgengi að svæðinu er erfitt, aðstæður oft hættulegar og aðeins hægt að athafna sig þar hluta ársins. Síðustu ár hafa rannsóknir á náttúru og umhverfi svæðisins aukist til muna.

Ísland á mjög ríkra hagsmuna að gæta þegar kemur að rannsóknum og vöktun breytinga á norðurslóðum. Liggja margvísleg tækifæri á þessu sviði fyrir íslenska vísindamenn, en einnig eru vísindaniðurstöður undirstaða stefnumótunar varðandi málefni sem tengjast norðurslóðum. Þá eru vísindastörf einnig gjarnan grunnur að nýsköpun og sprotastarfsemi.

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld styðji starf sérfræðinga í vísindasamfélaginu og háskólasamfélaginu og hjá stofnunum á borð við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. Betri skilningur á norðurslóðum og umhverfi þess er mikilvægur grunnur fyrir allar ákvarðanir um athafnir á svæðinu sem þurfa að byggja á bestu vísindalegu upplýsingum og niðurstöðum.

Helstu vaxtamöguleikar Íslands til framtíðar liggja á sviði nýsköpunar sem er, ásamt menntun, undirstaða framfara og áframhaldandi vaxtar og aukinnar fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Það er mikilvægt að íslensk stjórnvöld hlúi ætíð sem best að starfsemi nýsköpunarfyrirtækja, einnig þegar kemur að norðurslóðum.

Afar brýnt er að efla möguleika á sveigjanlegu námi á norðurslóðum, sem og annarri fjarþjónustu. Á þann hátt má efla sjálfbærni samfélaga á norðurslóðum og hafa jákvæð áhrif á samfélög. Þeir sem geta stundað nám í heimabyggð sinni eru líklegri til að búa þar áfram eftir að námi lýkur og miðla þannig þekkingu til annarra í samfélaginu. Þannig eykst menntunarstig í fjarlægum byggðum með þeim fjölmörgu jákvæðu áhrifum sem af því hlýst. Það er ekki síst mikilvægt jafnréttismál og til að stuðla að jöfnu hlutfalli milli kynjanna í byggðum á norðurslóðum, en algengt er að menntaðar konur flytji burt og karlar með minni menntun sitji eftir. Ýmis vandamál á borð við mikla notkun áfengis- og vímugjafa, kynferðislegt ofbeldi og annað tengist slíku ójafnvægi í samfélögum. Einnig hefur verið bent á að ungu fólki líði betur þegar augin fjölbreytni er í menntun og annarri þjónustu.



Mynd 11: *Norðurslóðarannsóknarsetrið á Kárhóli í Reykjadal (Mynd: Reinhard Reynisson).*

Það sem stendur því helst fyrir þrifum að íbúar norðurslóða geti nýtt sér þessa möguleika er öflug, áreiðanleg og ódýr nettenging á svæðinu. Mikilvægt er að Ísland leggi lóð sín á vogarskálarnar og deili reynslu sinni af því að nettengja fjarlægustu byggðir Íslands og stuðli í gegnum alþjóðasamstarf að tengingu norðurslóða við umheiminn.

Ísland á að hafa frumkvæði og forystu í fjarkennslu og annarri fjarþjónustu.

Síðustu árin hefur samstarf Íslands við nágranna á norðurslóðum aukist verulega. Þetta á einkum við um Grænland, en lengi vel voru samskipti þjóðanna ótrúlega lítil, einkum ef litið er til landfræðilegrar nálægðar. Samgöngur öftruðu nánari samskiptum, þar sem flug á milli landanna er dýrt og byggð á A-strönd Grænlands afar strjálbýl. Stórt skref var stigið í að efla samskipti þjóðanna þegar Ísland opnaði árið 2013, fyrst erlendra ríkja, aðalræðisskrifstofu í Nuuk. Grænendingar opnuðu sendiskrifstofu í Reykjavík árið 2018. Verkefni sendiskrifstofanna er m.a. að auka samskipti og vináttu á milli landanna, efla verslun og viðskipti þeirra á milli og kynna löndin og menningu þjóðanna. Einnig að vinna að sameiginlegum málum á sviði norðurslóðasamstarfs og vestnorrænnar samvinnu.

Saga og landslag Íslands og Grænlands eru um margt svipuð og því eru tækifæri fyrir Ísland að vinna með Grænendingum í þeim stóru verkefnum sem fram undan eru. Augljós dæmi sem þegar hafa verið nefnd í skýrslunni eru t.d. uppbygging virkjana, flugvalla og annarra samgöngumannvirkja. Einnig á sviði sjávarútvegs og í kjölfar reglulegra siglinga milli Íslands og Grænlands sem gera Grænendingum kleift að tengjast flutninganeti Eimskipafélagsins aukast möguleikar Grænendinga að flytja út ferskan fisk og þannig stórauka verðmæti útflutnings. Einnig geta betri flugsamgöngur við Ísland, sem koma til með nýjum flugvöllum á Grænlandi, opnað Grænendingum tækifæri til að koma grænenskum fiski hratt á verðmætari markaði. Mikilvægt er að Íslendingar deili reynslu sinni á þessu sviði með Grænendingum, t.d. um geymsluaðferðir og flutning frá fjarlægum byggðum til að styðja við og veita ráðgjöf.

Ýmsar tillögur eru settar fram í skýrslu Grænlandsnefndar um það hvernig efla má samskiptin við Grænland og deila reynslu og þekkingu Íslendinga á ýmsum sviðum. Starfshópurinn tekur undir þessar tillögur sem geta verið undanfari nánara samstarfs og uppspretta viðskiptatækifæra fyrir bæði löndin.

10.1 Leiðarljós:

Rannsóknir, þróun og nýsköpun

48. Ísland styrki stöðu sína enn frekar sem alþjóðleg miðstöð fyrir norðurslóðavísindi og nýsköpun.
49. Hlúa þarf að og efla vísindarannsóknir og auka eftirlit m.a. hvað varðar veðurfræði, hafið, fiskistofna og lífríki sjávar, sýrustig sjávar, breytingar á lífríki, loftslagsbreytingar, bráðnun jökla og fleira. Ísland stendur t.d. framarlega í myndgreiningu og kortlagningu. Einnig er mikilvægt að

stuðla að rannsóknum á áhrifum fjórðu iðnbyltingarinnar – gervigreind, sjálfvirkni og stafrænum ferlum – á norðurslóðir og þeim félagslegu áhrifum sem breytingar á svæðinu hafa.

50. Ísland setji sér rannsóknáætlun um norðurslóðamál eins og önnur norræn ríki hafa gert. Slík áætlun gæti eflt starf Íslenskra vísindamanna og framlag fræða til stefnumótandi starfs á norðurhvara.
51. Virk þátttaka Íslenskra vísinda- og rannsóknarstofnana verði tryggð í starfi Norðurslóðarannsóknarsetursins á Kárhóli. Einnig að sú fjárfesting í rannsóknarinnviðum sem átt hefur sér stað á Kárhóli verði nýtt sem best.
52. Efla þarf samstarf vísindamanna og rannsóknarstofnana sem starfa á norðurslóðum, eða á nærsvæði, og hvetja vísindamenn á ólíkum sviðum til að beina rannsóknum sínum að norðurslóðum. Einkum er mikilvægt að efla samstarf við Grænland á sviði rannsókna.
53. Fyrirtæki verði hvött sérstaklega til nýsköpunar á sviðum sem tengjast norðurslóðum og í samstarfi við aðila á svæðinu, ekki síst með Grænlandingum, næstu nágrönnum Íslands.
54. Skoðað verði hvernig stjórnvöld geti liðsinnt nýsköpunarfyrirtækjum betur við að láta hugmyndir verða að viðskiptalausnum, þ.e. hjálpi við að brúa bilið frá hönnun og þróun og því að hefja framleiðslu. Ekki þarf eingöngu styrki og meira fé heldur einnig stuðning í formi starfsmanna með sérþekkingu, sem geti aðstoðað fyrirtækin. Ýmis tækifæri geta t.d. legið í EES samstarfssjóðum. Hér leikur Heimstorg Íslandsstofu mikilvægt hlutverk.

Fjarþjónusta: Sveigjanlegt nám og fjarvinna

55. Íslensk stjórnvöld aðstoði fyrirtæki sem bjóða fjarþjónustu, m.a. á sviði mennta- og heilbrigðislausna, að kynna þjónustu sína á norðurslóðum.
56. Ísland deili reynslu sinni af því að nettengja fjarlægustu byggðir Íslands og stuðli í gegnum alþjóðasamstarf að tengingu norðurslóða við umheiminn.
57. Skapa þarf möguleika fyrir fólk að stunda atvinnu á norðurslóðum í gegnum netið. Klasar gera störf án staðsetningar möguleg. Þekkingarsetur á landsbyggðinni starfi saman og nýti þekkingu sem þegar er til staðar. Útvíkka mætti hlutverk þeirra og leggja áherslu á málefni norðurslóða og samstarf við slík setur í öðrum byggðarlögum á norðurslóðum.

Norðurljós

Skýrsla starfshóps um
efnahagstækifæri á
norðurslóðum